

LEIKSKÓLINN FAGRABREKKA

STARFSÁÆTLUN 2023-2024



EDDA VALSDÓTTIR LEIKSKÓLASTJÓRI ÁGÚST 2023

EFNISYFIRLIT

1. Inngangur
2. Leikskólinn
 - a. Leikskóli, húsnæði, lóð og rými
3. Barnasáttmáli, heimsmarkmið og lýðræði
 - a. Barnasáttmáli
 - b. Heimsmarkmið
 - c. Lýðræði
4. Námsgvið
 - a. Heilbrigði og vellíðan
 - b. Sköpun og menning
 - c. Sjálfbærni og vísindi
 - d. Læsi og samskipti
5. Skólastarf
 - a. Persónumappa
 - b. Leikurinn
 - c. Þróunarstarf
6. Fiðrildahópur
7. Apahópur
8. Víkingahópur
9. Risaeðluhópur
10. Kríuhópur
11. Draugahópur
12. Skapandi tónlist og hreyfing
13. Dagskipulag
14. Menningarviðburðir
15. Kynning
16. Foreldrasamstarf
 - a. Stefna og áherslur
 - b. Foreldraráð
 - c. Foreldrafélag
 - d. Fræðsla og upplýsingar
 - e. Þátttaka foreldra í starfi
17. Starfsfólkið
 - a. Starfsmannastefna
 - b. Samstarf
 - c. Símenntunaráætlun
 - d. Samsetning starfsfólks
 - e. Stöðugildi
18. Skipulagsdagar og fundir
19. Börnin
 - a. Fjöldi, aðlögun, flutningar á milli deilda og útskrift
20. Sérkennsla
21. Samstarf
 - a. Grunnskólinn
 - b. Annað samstarf
22. Mat

23. Öryggismál

- a. Öryggisstefna
- b. Áfallaráð
- c. Innra eftirlit
- d. Sly

24. Fylgiskjöl

- a. Mat hópa
- b. Umbótaáætlun
- c. Dagatal

INNGANGUR

Markmið starfsáætlunar er að gera skólaþróun markvissa, setja fram markmið um starfið í leikskólanum og umbótamiðað innra mat. Ákveðnar leiðir eru nýttar til að ná fram þeim markmiðum og áherslum sem settar eru ár hvert, með hliðsjón af aðalnámskrá, námskrá leikskóla Kópavogs og námskrá leikskólans.

Í starfsáætlun eru upplýsingar um starfsemina fyrir starfsfólk, foreldra, rekstraraðila og aðra. Fjallað er um faglega starfið sl. skólaár og hvernig unnið verður að umbótum og verkefnum á næsta skólaári. Við höldum uppi faglegu starfi með börnunum eins vel og við gátum, en COVID hamlaði þó ýmsum þáttum í leikskólalífinu. Við höfum tileinkað okkur margt í gegnum árin, t.d. umburðarlyndi, þolinmæði, góð samskipti og samvinnu. Það sem við lærum á hverju skólaári tökum við með okkur inn í það næsta. Umbótaáætlunin verður okkar leiðarljós og reynum við eftir fremsta megni að fara í gegnum alla þætti hennar. Talað er um starfsfólk og foreldra í áætluninni en undir það falla einnig kennarar og forráðamenn.

EINKUNNARORÐ LEIKSKÓLANS

VIRÐING

GLEÐI

FRUMKVÆÐI

LEIKSKÓLINN

LEIKSKÓLI, HÚSNÆÐI, LÓÐ OG RÝMI

Leikskólinn er fjögurra deilda leikskóli á tveimur hæðum. Tónasel er í neðri garði, tónlistarstarf fer fram þar. Á Gulubrekku eru 1-3 ára börn. Á Rauðubrekku eru 3-6 ára börn. Leikskólinn er 508,2 m² að flatarmáli, leikrými er 254,6 m² og lóðin er 2270 m². Heildarrými á hvert barn er 7,5 m², leikrými 3,5 m² og lóðarrými 29,1 m².

UNNIÐ 2022-2023

Nýtt loftræstikerfi á neðri hæð var tekið í notkun. Keyptur nýr frystiskápur. Gert var við þakkant og gluggakarmar málaðir og lagaðir. Sett voru upp þrjú nett rafmagnstölvuborð í undirbúningsherbergi fyrir kennara. Þrír veggir málaðir í hreyfisal og einn í undirbúningsherbergi. Skipt var um gólfefni í fataherbergjum deilda. Handrið og ljósastaurar í garði voru málaðir. Borið var á alla tréflati á útisvæði. Lagaðir voru kantar meðfram göngustígum.

ÁHERSLUR 2023-2024

Það verða sett upp segl í trjástólpana vestan megin í garðinum og ætlum við að óska eftir að fá fleiri ungbarnarólur. Ein ungbarnaróla fyrir 32 ung börn er ekki ásættanlegt. Mála þarf Tónaselið, skipta um rennur sem leka og eru beyglaðar. Útidyrhurðir eru orðnar mjög lélegar, það blæs inn um þær. Það þarf að fylla upp í steypuskemmdir sem urðu þegar loftræstikerfið var sett upp á neðri hæð. Það er tími til kominn að mála víða innan dyra. Settur verður upp klifurveggur í hreyfisal í boði foreldrafélagsins, það verður fyllsta öryggis gætt. Einkunnarorð leikskólans verða gerð sýnileg á glugga sunnan megin.

BARNASÁTTMÁLI, HEIMSMARKMIÐ OG LÝÐRÆÐI

BARNASÁTTMÁLI SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA

Barnasáttmálinn veitir sýn á stöðu barna í samfélaginu og tryggir þeim sérstaka vernd, umönnun og þátttöku þeirra í því. Hann felur í sér viðurkenningu á því að börn séu sjálfstæðir einstaklingar með fullgild réttindi. Lykilhugtökinn eru umhyggja, vernd og þátttaka.

UNNIÐ 2022-2023

Barnasáttmálinn fléttaðist inn í daglegt líf og starf barnanna.

ÁHERSLUR 2023-2024

Rætt verður um Barnasáttmálann við börnin og unnið með ákvæði úr honum í skapandi starfi. Börnin setja upp verkin sín þar sem þau vilja. Á þann hátt gerum við þann hluta sáttmálans sýnilegan og stuðlum að umræðu um hann. Að minnka matarsóun.

HEIMSMARKMIÐ

Heimsmarkmiðin um sjálfbæra þróun krefjast þátttöku og samstarfs allra í leikskólanum. Lagt er upp með að starfsfólk, börn og foreldrar leggi sitt af mörkum til að stuðla að sjálfbærni jarðar á öllum sviðum.

UNNIÐ 2022-2023

Í vor var byrjað að flokka pappa frá plasti og lífrænan úrgang. Á plokkganginn var nærumhverfi leikskólans hreinsað.

ÁHERSLUR 2023-2024

Kynna fyrir börnum hversu mikilvægt er að flokka rusl inni og úti svo þau öðlist skilning á hversu mikilvægt það sé fyrir jörðina. Á plokkganginum verður unnið sérstaklega með rusl og börnin á Rauðubrekku útbúa ruslaskrýmsli, t.d. pappaskrýmsli, plastskrýmsli og blandaðskrýmsli. Þannig teljum við að börnin átti sig á tilgangi hringrásarinnar.

LÝÐRÆÐI

Lýðræði og mannréttindi og jafnrétti eru tveir af grunnþáttum menntunar samkvæmt aðalnámskrá. Grunnþættirnir fléttast inn í skólastarfið. Markmiðið með lýðræði í starfi er að hvetja börnin til að hafa áhrif á starfið í leikskólanum, að þau finni að á þau sé hlustað og læri að hlusta á aðra. Í daglegu starfi er lögð áhersla á að börnin beri virðingu og umhyggju fyrir öðru fólki og sýni tillitssemi, umburðarlyndi og vináttu. Börnin læra að bera ábyrgð á sjálfum sér og öðlast samkennd. Ýtt er undir að börnin séu virkir þátttakendur í starfinu og læri að leysa ágreining og gildi góðra samskipta. Í leikskólanum eru foreldrar, starfsfólk og börn samstarfsaðilar.

UNNIÐ 2022-2023

Starfsfólk hafði að leiðarljósi að viðhafa lýðræðislega starfshætti, sýndi börnunum og verkum þeirra virðingu, aðstoðaði þau við daglegar athafnir, veitti þeim umhyggju og leiðbeindi þeim til sjálfstæðis.

ÁHERSLUR 2023-2024

Halda skal fundi með eldri börnum leikskólans hvern morgun, til að auka áhrif þeirra á eigin starf og stuðla að þátttöku þeirra í ákvörðunum er þau varðar. Starfsfólk skráir niður samræður og verða þær ræddar á næsta fundi. Hlusta á hvað börnin hafa að segja og hvað þau langar að gera.

NÁMSKRÁ, STEFNA OG UPPELDISLEGAR ÁHERSLUR

Námskrá leikskóla er lögð til grundvallar í leikskólanum og starfað samkvæmt lögum um leikskóla. Leikskóli er fyrir öll börn á leikskólaaldri óháð atgervi og frá ólíkum menningarheimum og er talinn ávinningur fyrir alla að eiga þar fjölbreytt samfélag. Áhersla er lögð á vellíðan barna og starf sem kemur þeim til góða og leiðir til aukins vaxtar og þroska. Leikurinn er hafður að leiðarljósi en hann er kjarni uppeldisstarfsins og náms- og þroskaleið barna.

Starfað er eftir hugmyndafræði Loris Malaguzzi, Reggio Emilia. Megin áhersla er lögð á skapandi starf í listgreinum, lýðræðislega starfshætti og getu barna til að afla sér reynslu og þekkingar á eigin forsendum. Starfsfólk kemur fram við börnin af virðingu, tekur tillit til þeirra og hlustar á rödd þeirra og líkamstjáningu. Opnar spurningar eru nýttar í starfinu sem hvetja börnin áfram til náms í anda hugmyndafræðinnar. Síðastliðið skólaár var þemað **Náttúra - Veður**. Þemastarf gefur börnum sveigjanleika, þar sem börnin nálgast viðfangsefnið á sínum hraða og sínum forsendum. Tónlist og hreyfing er samþætt inn í þemastarfið en það er stór hluti af öllu starfi leikskólans.

Áhersla er lögð á að styðja og þróa námið í gegnum leik og skapa leiknum fjölbreytilegt rými og tíma. Kennarar eru vakandi fyrir tækifærum barnanna, kveikja og efla jákvæð samskipti og sjá til þess að allir taki þátt. Hugmyndafræðin er ávalt lögð til grundvallar, með áherslu á faglegt starf, hópkennd, vináttu, samvinnu og félagsfærni. Sjálfstæði barna er eflt og þau fá tækifæri til að þroska öll sín skilningarvit og tjáningarleiðir. Haft er fyrir sanni að börn þurfi svigrúm til að rannsaka og gera tilraunir. Því er námsumhverfið mjög mikilvægur þáttur, þar sem það er sagt vera þriðji kennarinn.

UNNIÐ 2022-2023

Gerð er grein fyrir starfinu með börnunum í kaflanum um hópana. Innra mat hvers hóps er í fylgiskjólum.

ÁHERSLUR 2023-2024

Hópstjórar munu gera fleiri uppeldisfræðilegar skráningar og ígrunda þær á deildarfundum. Skráningarnar verða sýndar á fagnaðarfundum. Haldið verður áfram að gera verk barnanna sýnileg og unnið verður áfram með þemað Náttúra - Veður. Hópstjórar munu leita leiða til að halda fundi með sínu fólki en þeir eru áætlaðir kl. 8:30-9:00 á morgnana, þar sem börnin eru í útiveru á þeim tíma.

NÁMSSVIÐ

Samkvæmt aðalnámskrá leikskóla eru grunnþættir menntunar sameiginlegt leiðarljós í menntun, uppeldi og umönnun og fléttast inn í starfið. Náms svið leikskóla taka mið af þessum grunnþáttum og byggjast á skapandi gagnrýnni hugsun og tengjast leik og daglegum athöfnum. **Heilbrigði og vellíðan, sköpun og menning, sjálfbærni og vísindi, læsi og samskipti.**

HEILBRIGÐI OG VELLÍÐAN

Í leikskólanum er boðið upp á hollt og næringarríkt fæði sem er einn af grunnþáttunum í vellíðun barna. Áhersla er lögð á að hafa sem minnst af fitu, salti og sykri í matnum samkvæmt ráðleggingum frá landlækni. Stuðlað er að hreyfingu, en hún hefur jákvæð áhrif á samskipti barna. Börnin byrja daginn í útiveru í frjálsum leik, þau læra umgengni við umhverfi sitt og takast á við lengri og skemmri vettvangsferðir. Börnin fara í reglulegar hreyfistundir og dansað er inn í daginn í útiveru að morgni. Börnin læra að tileinka sér heilbrigða lífshætti og viðhafa góðar hreinlætisvenjur.

SKÖPUN OG MENNING

Sköpun er mikilvægur þáttur í námi og þroska barna og raungerist í sköpunarferli, gleði, tjáningu, könnun og námi, sem á sér stað þegar hugmyndir, tilfinningar og ímyndun fá að njóta sín. Í leikskólanum er farið með þulur og vísur og sögugrunnur, frásagnir og loðtöflusögur eru notaðar í starfinu. Það er sungið og lesið á hverjum degi og hljóðfæri notuð í tónlist. Efnisveitan hefur að geyma fjölbreyttan efnivið til að nýta í skapandi starfi. Menning er samofin öllu starfi og tengist leik, lýðræði og menningu barnsins, hvort sem um ræðir íslenska eða erlenda menningu. Farið er í vettvangsferðir á Náttúrufræðistofu, Gerðarsafn og Bókasafn Kópavogs.

SJÁLFBÆRNI OG VÍSINDI

Markmið með sjálfbærni er að börn og starfsfólk geri sér grein fyrir því að þau vistspor sem sérhver einstaklingur skilur eftir sig skipta máli í nútíð og um alla framtíð. Hlutverk starfsfólks er að styðja við fróðleiksporsta barna með því að fylgjast með og hlusta eftir því hvað börnin eru að fást við og reyna að átta sig á hvernig þau hugsa og skilja hlutina. Lýðheilsa þar sem hver einstaklingur ber ábyrgð á sjálfum sér og sinni heilsu, er hluti af sjálfbærni. Börnunum er kennt að bera virðingu fyrir umhverfi og náttúru og þeim eru sköpuð tækifæri til að upplifa og njóta. Í leikskólanum er skapandi efniviður sem er flokkaður og nýttur í starfi með börnunum. Heimsmarkmiðin eru hluti af sjálfbærni.

LÆSI OG SAMSKIPTI

Læsi í felur í sér að búa yfir þekkingu, leikni og hæfni til að lesa í umhverfi sitt og tjá upplifun sína, tilfinningar og skoðanir á fjölbreyttan hátt. Börn þurfa að kynnast tungumálinu og möguleikum þess og öðlast skilning á að ritað mál og tákni hafi merkingu. Unnið er með læsi og samskipti á fjölbreytilegan hátt. Læsisstefnu leikskólanum má finna á heimasíðu leikskólans.

UNNIÐ 2022-2023

Hópstjórar unnu frábært faglegt starf með börnunum. Útivera var stór þáttur í daglegu starfi þar sem börnin nutu sín í frjálsum leik eða skipulögðu hópstarfi. Það var virkilega gaman þegar hópstjórar nýttu útiöldstæðið. Bangsinn Blær á sinn sess í starfinu þar sem vináttan er höfð í fyrirrúmi og hann hjálpar okkur þegar eitthvað bjátar á. Yngri börnin fá lítinn Blæ þegar hópstjórum finnst þau hafa þroska og aldur til. Þemastarfið um veðrið stóð yfir allan veturinn. Hópstjórar og Asako skipulögðu þemað, stuðst var við nám og leiki um veðrið og skapað fjölbreytt lærdómsríkt leikumhverfi, sem tengdist veðri.

ÁHERSLUR 2023-2024

Unnið verður með námsþáttinn um sjálfbærni og vísindi, sem er sá námsþáttur sem okkur er ætlað að vinna með. Námsþátturinn verður fléttaður í þemað Náttúra - Veður.

SKÓLASTARF

PERSÓNUMAPPA

Persónumappan segir sögu barns frá byrjun leikskólagöngunnar þar til það útskrifast. Persónumappan gerir starfið sýnilegt, sýnir styrkleika og tengsl barna við önnur börn ásamt því að efla tengslin milli heimilis og skóla. Í möppunni er haldið utan um skráðar heimildir í námi og þroska barna. Hver mappa er einstök og sýnir áhugasvið barnanna.

LEIKUR

Leikurinn er órjúfanlegur þáttur bernskuáranna og þungamiðja leikskólastarfsins, sjálfsprottinn og eðlislægur. Börn leika sér af fúsum og frjálsum vilja á sínum forsendum, leikurinn veitir gleði og vellíðan og er meginnámsleið barnsins. Börnin fá tækifæri til að skilja umhverfið, tjá hugmyndir sínar og reynslu og öðlast nýjan skilning og þekkingu þegar þau gera tilraunir með hugmyndir sínar. Leikurinn virkjar sköpunarkraft og löngun barna til að afla sér þekkingar. Því er mikilvægt að starfsfólkið sé vakandi fyrir áhuga barnanna, spyrji opinna spurninga og styðji við nám þeirra á fjölbreytilegan hátt.

ÞRÓUNARSTARF

Haldið verður áfram með þemað Náttúra – Veður og verkefnið um snemmtæka íhlutun.

ÁHERSLUR 2023-2024

Hugmyndafræði Reggio Emilia er lögð til grundvallar með leikinn að leiðarljósi. Vefsíða byggð á verkefni Asako sérgreinastjóra um veður verður gerð virk fyrir áramótin. Þar geta börn og starfsfólk fundið hugmyndir að leikjum og spuna.

FIÐRILDAHÓPUR

UNNIÐ 2022-2023

Börnin í fiðrildahóp voru 15 í vetur. Það komu 4 stelpur úr Apahóp inn í hópinn, sem var mjög gaman. Á haustönn byrjuðum við með Bókaorminn. Börnin komu með bók að heiman sem var lesin í samverustund. Í ágúst fórum við í Hörpuna á sýninguna Undur jarðar með Stjörnu-Sævari og Sinfóníuhljómsveit Íslands. Það var mikil upplifun og sérlega gaman.



Á haustmánuðum fórum við í margar vettvangsferðir um nærumhverfið. Slökkviliðið kom í heimsókn, fræddi okkur um eldvarnir og sýndu okkur slökkviliðsbílinn og hvernig brunaslangan virkar.



Fiðrildin sáu um fagnaðarfund þar sem þau buðu upp á bókabíó, sungu nokkur lög og svo var dansað. Á degi vináttunnar tókum við þátt í göngu ásamt nemendum úr Álfhólsskóla og leikskólunum Álfaheiði og Efstahjalla. Við gengum í íþróttahúsið þar sem börnin sungu lag fyrir fullum sal af nemendum og kennurum. Nemendur úr 1. bekk í Álfhólsskóla komu í heimsókn til okkar og tókum við vel á móti þeim. Við fórum nokkrum sinnum í sögustund í Bókasafn Kópavogs.



Í desember var að vanda nóg að gera. Okkar var boðið í kakó og piparkökur í Álfhólsskóla og í jólastund. Við gerðum okkur ferð í Hafnarfjörð og skoðuðum jólaljósin í Hellisgerði, höfðum með okkur nesti og áttum notalega stund í fallegu umhverfi. Börnin bökuðu piparkökur og buðu foreldrum sínum í kakó og kökur. Það er alltaf gaman hjá okkur á jólaballinu, jólamaturinn bragðaðist vel og aðventustundin í Hjallakirkju var notaleg. Börnin gerðu að vanda jólagjafir fyrir foreldra sína, skreyttu leikskólann og sáu um að mála og skreyta jólatréð sem var heimagert.



Í janúar var ljóslaus dagur. Þá komu Fiðrildin með vasaljós að heiman til að lýsa í myrkrinu. Fyrir Herradaginn teiknuðu börnin mynd af feðrum sínum sem þau færðu þeim þann dag. Í febrúar kom Ása Helga leiklistakennari í heimsókn, sem var mjög gaman en hún náði vel til barnanna. Áður en að Dömuveginum kom útbjuggu börnin blóm fyrir mömmu sína. Innan í blóminu var bréf með lýsingu barnanna á mömmu sinni. Börnin gerðu skemmtilegan bolluvönd og gerðu tunnu fyrir öskudaginn. Í mars fórum við í skólaheimsókn í Álfhólsskóla. Við fórum á sýninguna Vatnið í náttúru Íslands sem er í Perlunni. Mjög skemmtilegt og mikil upplifun fyrir börnin. Útskriftaferðin í Vatnaskóg sem farin var í maí, heppnaðist mjög vel og komum við öll þreytt og sæl í bæinn eftir ferðina. Svo daginn eftir útskriftaferðina fórum við á Sinfóníutónleika í Hörpu.



Undirbúningur fyrir leikritið tók mikinn tíma á vorönninni, því það liggur mikil vinna að baki slíkrar sýningar. Við útbjuggum leikmynd, gerðum búninga, sömdum handrit, lærðum texta og æfðum. Útskriftin var mjög hátíðleg athöfn sem við héldum í sal Hjalla í Álfhólsskóla í júní.

Eftir öll verkefni okkar og vinnu var kærkomið að nýta sumarið í vettvangsferðir. Við fórum m.a. í Húsdýragarðinn og þaðan heim til Erlu. Einnig sáuð við sýningu hjá Götuleikhúsinu. Fiðrildin luku skólagöngu sinni með því að bjóða öllum á Rauðubrekku í lautarferð. **Auður Elfa, Elísabet, (Erla) hópstjórar.** (Sjá fylgiskjal 1, innra mat Fiðrildahóps).



APAHÓPUR

UNNIÐ 2022-2023

Haustönnin var mjög skemmtileg, ánægjuleg og afar lærdómsríkt fyrir okkur og börnin. Þema leikskólans var *náttúra - veður* en það tengist þróunarverkefni skólans um innleiðingu á menntun til sjálfbærni. Okkur finnst mikilvægt að börnin kynnist fyrst og fremst nærumhverfinu sínu, beri virðingu fyrir náttúrunni, staldri við í núinu og sjái hvernig umhverfið okkar breytist í gegnum ólíkar árstíðir. Vettvangsferðir eru tilvalin leið til að uppfylla þau markmið. Það sýndi sig að börnunum fannst viðveran úti í náttúrunni og vettvangsferðirnar áhugaverðar og skemmtilegar, auk þess hefur útivera jákvæð áhrif á alhliða þroska barna og almennt námsferli.

Við fórum í átján vettvangsferðir á skólaárinu; Upp að Víghóll, í Kópavogsgarðinn, þrisvar sinnum í Hellisgerði, í Hlíðargarði, í Kópavogsdal, tvisvar sinnum á Bókasafnið, í aðventustund í Hjallakirkju og í Perluna. Við gengum einnig um nærumhverfi leikskólans, fjölbreytnin var mikil og fór eftir áhuga barna hvað var gert í ferðunum. Stundum fengu börnin verkefni eins og náttúrubingó sem þeim fannst skemmtilegt.



Við ræddum eftir vettvangsferðir um hvað okkur fannst skemmtilegt í ferðunum og skoðuðum myndir sem starfsfólk og börn tóku af áhugaverðum stöðum og hlutum. Stundum fengu börnin tússliti til að æfa sig að teikna eftir sjónminni og líka teikna eftir ljósmyndum. Verk barnanna voru svo gerð sýnileg í leikskólanum.



Að ættleiða tré

Verkefnið var að taka daglegar myndir af einu tré á lóð leikskólans. Yfirleitt á sama tíma og frá sama sjónarhorni. Lærdómsríkt og gaman var fyrir börnin og okkur að skoða myndirnar og sjá breytingarnar á trénu og umhverfinu í gegnum árstíðirnar. Með því að skoða ferlið saman var hægt að ræða um fleira sem breytist ef við skoðum myndirnar yfir langt tímabil. Við skoðuðum skugga, hvernig birtan fór minnkandi eftir því sem leið á veturinn og ótal margt fleira. Einnig var skemmtilegt að fylgjast með hvernig veðurfar hefur áhrif á mismunandi útlit og lýsingu á alls konar viðfangsefni og bakgrunni þess.




Aðrir viðburðir á árinu 2022-2023


Börnin voru mjög dugleg í hreyfingu og tónlist hjá Asako. Við unnum með líkamann okkar í tengslum við veðrið í gegnum ýmis verkefni, dans, í tónlist og hreyfingu. Í fyrstu var unnið með tilfinningar svo að börnin geti greint frá ólíkum tilfinningum sem geta vaknað og búið innra með þeim. Börnin sóttu mikið í að leika í hlutverkaleikjum, með segulkubba, í einingakubbum, í skapandi starfi og í útiveru.

Börnin voru dugleg að taka þátt í öllum viðburðum annarinnar

Á bangsadayinn léku börnin með bangsa, teiknuðu hann og sögðu fallett um hann. Á vináttudaginn kom Blær í heimsókn með myndaspjöld um vináttu sem við greindum saman og ræddum. Í kjölfarið voru gerðar skráningar þar sem hvert og eitt barn sagði okkur hvað það er að vera góður vinur og í hvaða leiki er gaman að fara með vinum sínum. Á appelsínugula deginum gerðu börnin listaverk og settu upp. Í tilefni af bleika deginum bökuðu börnin bleika köku. Ferlið þeirra var sýnt á fagnaðarfundi þar sem börnin töluðu út frá myndum og sungu nammilagði í lokin.



Í lok nóvember bökuðu börnin piparkökur í tilefni af foreldrakaffinu sem þau biðu spennt eftir. Þeim fannst gaman að geta boðið foreldrum sínum í kakó og piparkökur. Á rauða deginum buðum við Víkingahóp með okkur í Hellisgerði til að eiga notalega stund með okkur. Börnunum fannst gaman að fara öll saman sem og okkur starfsfólkinu líka. Asako kom með okkur og söng með okkur jólalög. Við tókum upp Jólabókaorm í desember og fengum lánaðar jólabækur til að lesa á Bókasafni Kópavogs. Ákveðið var að hafa eins fyrirkomulag og í fyrra. Börnin gerðu jóladagatal þar sem nafn eins barns leyndist í hverju hólfi. Það barn sem var dregið valdi pakka (jólabók) og opnaði við lásnum svo saman. Börnin teiknuðu sjálfsmynd á blað, sem var jólagjöfin til foreldra þeirra. Við gerðum göt á útlínurnar sem börnin saumuðu í. Jólapappírinn útbjuggu börnin með svampastimplum, þekjumálningu og glimmer.



Á miðvikudögum voru fastar leikstundir þar sem við æfðum finhreyfingar fyrir áramót (að föndra, mála, perla, púsla, lita og þræða) og unnum stærðfræði verkefni eftir áramót.




Foreldradagurinn var haldinn í maí þar sem börnin sungu þrjú lög fyrir foreldrana sína. Við fórum saman í leikjadans í tengslum við þemað líkaminn og þau teiknuðu á blað og lituðu líkamsparta foreldra sinna. Einnig hermdum við eftir dansi á skjá þar sem reynir á að dansa með ákveðna líkamshluta og þannig búa til hljóð eins og stapp og klapp. Við erum spennt að takast á við nýja áskoranir næsta vetur þar sem börnin í Apahópa verða elst. Við þökkum fyrir skólaárið. **Sanja og Asia hópstjórar.** (Sjá fylgiskjal 2, innra mat Apahóps).

VÍKINGAHÓPUR

UNNIÐ 2022-2023

Það urðu aftur breytingar í Víkingahóp í haust, tvö börn fóru í aða leikskóla, fjögur börn komu til okkar úr Risaeðluhóp og tvö ný bættust í hópinn. Í Víkingahóp voru því 14 börn fædd 2019. Aðlögun gekk mjög vel og voru börnin fljót að venjast breytingum, þau skiptu um fatahólf og fóru yfir á stóru deildina, Rauðubrekku. Tekið var vel á móti nýjum Víkingum og fljótt varð hópurinn samansettur af góðum vinum.

Starfið byrjaði með haustþema. Farið var í vettvangsferðir og nærumhverfið skoðað með stækkunargleri. Einnig var farið í Fossvogsdalinn í fallegu haustveðri þar sem tré og laubblöð voru skoðuð. Í kjölfarið útbjuggu börnin stórt tré með laubblöðum þar sem hendur barnanna voru stimpluð á í fallegum haustlitum.



Börnin fönndruðu allskonar haustlistaverk úr náttúrlegum efniviði sem þau fundu úti. Börnin í Víkingahóp eru mjög dugleg að vera úti og fórum við í margar vettvangsferðir, gangandi og/eða með strætó. Við fórum til dæmis á Rútstún, upp á Víghól, á Stelluróló og í Álfhólsskóla.



Útielastæðið var mikið notað í vetur. Við hituðum kakó þegar kalt var í veðri, bökuðum lummur og pönnukökur og á vordögum elduðum við grænmetissúpu og borðuðum hana úti.



Í desember var nóg að gera eins og alltaf. Við bjuggum til jóladagatal sem vakti miklu lukku hjá börnunum. Í dagatalinu var meðal annars strætóferð í Helliggerði að skoða jólaljós, baka piparkökur og bjóða mömmu og pabba í heitt kakó, búa til jólanammi (kókóskúlur), fönndra jólaskraut, fara í Hjallakirkju í aðventustund, syngja, horfa á bíómynd og lesa jólabækur. Haldið var jólaball og góðir gestir, jólasveinarnir, kíktu í heimsókn. Jólagjöfin til mömmu og pabba sem börnin gerðu, var listaverk. Börnin teiknuðu sjálfan sig með blýanti, fóru yfir teikninguna með lími og settu litaðan sand svo yfir. Til að fullkomna listaverkið gerðu þau ramma utan um myndina, pökkuðu henni inn og gerðu merkimiða.

Við unnum mikið með fínhreyfingar. Það var perlað með litlum perlum, púsluð flókin púsluspil, málað, teiknað og klippt með skærum. Í Kubbaheirbergið bættist við nýtt leikfni sem Víkingarnir léku sér mikið með. Kúlubrautin var í uppáhaldi ásamt regnboga og mandala kubbum. Segulkubbarnir voru líka í mjög miklu uppáhaldi og sáum við mikla þróun í leik barnanna. Börnin notuðu dýr með segulkubbum og gerðu flottar og flóknar byggingar. Í dúkkukróknum léku börnin sér með matardót og í búdaleik, þau klæddu sig líka í alls kyns búninga.



Í tólmundasal léku börnin sér inni í bókasafninu, þar sem rólegur leikur átti sér stað. Ljós og skugga hornið okkar var vinsælt hjá þeim þar sem þau rannsökuðu ljós og skugga og nýttu allskonar efnivið með.



Á bóndadaginn buðu börnin pabba sínum og afa í þorramat í hádeginu. Börnin bjuggu til víkingahatta og gerðu skráningu um pabba sinn. Það komu skemmtilegar pælingar fram um pabba. Börnin gerðu það sama fyrir dómudaginn, buðu mömmu og ömmu í smáréttahlaðborð og gerðu skráningu um mömmu sína og gáfu henni hjartahálsmen, sem þau bjuggu til. Við höfðum leikfangadag, bangsadag og svo auðvitað var öskudagurinn haldin hátíðlegur. Við unnum þemaverkefni um líkamann, lásum bækur um líkamann, sungum lög og lærðum vísunar um fingurna svo eitthvað sé nefnt. Einnig gerðu börnin hugarkort, teiknuðu sjálfsmyndir, líkamsmyndir og fleira. Graskarlarnir vöktu mikla lukku. Börnin máluðu skyrdós, skreyttu andlit á, settu mold ofan í og sáðu grasfræjum. Börnin fylgdust með grasinu/hárinu vaxa og klipptu það.



Við unnum líka með stærðfræðihugtök, form og lögun, vorum að telja og æfa okkur að finna form í umhverfinu okkar. Lögð var mikil áhersla á frjálsan leik barnanna og á áhugamál þeirra. Við hlustuðum mikið á allskonar tónlist og héldum danspartý. Við vorum í þrjár vikur með frábæra kennaranema úr HÍ, sem unnu tónlistarverkefni með börnunum. Þetta var skemmtileg viðbót og tóku börnin mjög vel á móti þeim. Í framhaldi af tónlistarverkefninu var haldið áfram að vinna með hljóðleikhúsið og foreldrum boðið að taka þátt í tónlistarstundinni.

Fyrirkomulagið í hádeginu breyttist, börnin fengu meira frelsi til að skammta sér sjálf, ganga frá eftir sig og merkja sjálf við hversu mikið þau borðuðu. Í síðdegishressingunni æfðu þau sig í að smyrja og hella í glas.

Það sem stóð upp úr var áhugi barnanna á sögum. Ævintýrapokinn með sögum úr Ævintýraflóa var mikið notaður, einnig gamlar loðtöflusögur sem börnunum fannst sérstaklega skemmtilegar. Við elduðum og bökuðum köku úti og inni, máluðum, ferðuðumst, lékum okkur og ýmislegt meira var gert. Það er skemmtilegt að segja frá því að Víkingar eru forvitin, klár og frábær börn sem eru til í að gera allt og þau koma oft með skemmtilegar hugmyndir. **Anna Maria, Gréta og Ragna Björg hópsstjórar.** (Sjá fylgiskjal 3, innra mat Víkingahóps.)

RISAEÐLUHÓPUR

UNNIÐ 2022-2023

Eftir sumarfrí mættu allir hressir og kátir í Risaeðluhóp. Þær breytingar sem urðu í hópnum voru að það fóru fjögur börn í Víkingahóp, þrjú úr Kríuhóp komu til okkar um vorið, önnur fjögur um haustið og svo eitt barn úr öðrum leikskóla. Það voru því 11 börn, 7 stelpur og 4 strákar í Risaeðlum.

Fyrstu haustdagana vorum við nú bara að smyrja okkur saman þar sem miklar breytingar voru í hópnum. Í hópavinnu fyrir áramót unnum við með haustið og líkamann okkar. Við nýttum góða haustveðrið í vettvangsferðir, tíndum laufblöð sem við þurrkuðum og unnum svo seinna með. Börnin gerðu stórt haustverkefni í útiveru, þau máluðu á blað sem búið var að líma á girðinguna og festu laufblöð og ber á til skreytingar.



Einnig gerðu börnin tré. Þau lögðust á pappír á gólfið og við strikuðum eftir höndum þeirra sem voru greinarnar á trénu, svo máluðu þau og límdu laufblöð á tréð. Börnin útbjuggu haustkrans úr laufblöðum og pappadiskum. Þau gerðu kertalampa fyrir foreldra sína í jólagjöf, en hann var gerður úr þurrkuðum laufblöðum, sem voru plöstuð.



Eftir áramót héldum við áfram að vinna með líkamann og tengja við veðrið. Við ræddum um hvernig við ættum að klæða okkur og hvað væri hægt að gera í útiveru í allskonar veðri. Börnin máluðu og föndruðu sól, snjóský og rigningaský. Við ræddum um hvernig líkaminn okkar er og af hverju við værum til dæmis með hár og hvað við gerum með eyrunum okkar. Við sungum líka lög um líkamann og veðrið.



Um vorið settu börnin niður fræ í mold. Við ræddum um hvað fræ þyrfti til að verða að blómi og komumst að þeirri niðurstöðu að fræið þyrfti vatn og hita. Börnunum fannst verkefnið mjög skemmtilegt og gaman að fylgjast með fræinu. Í tónlist og hreyfingu gerðum við margt skemmtilegt fyrir utan að spila, syngja og dansa. Börnin æfðu sig meðal annars í að fara eftir fyrirmælum og bíða þar til röðin kæmi að þeim. Ljós og skuggi var mjög vinsælt og við lögðum ríka áherslu á frjálstan leik þar sem börnin þurftu að tala sín á milli, nota orðin sín (ekki bull mál). Þau voru dugleg að púsla, perla, mála og æfa finhreyfingar. Þau unnu og léku með allskonar kubba og þeim fannst gaman að fá ný trékubbaleikföng.



Blær kenndi okkur að vera góður vinur, að nota orðin okkar þegar við þurftum aðstoð, skiptast á og leika fallega saman. Við tókum þátt og unnum með dagana sem tengdust hefðum og hátíðum sem gerðu árið svo skemmtilegt og fjölbreytt. Veturinn var alveg frábær, börnin dugleg, en krefjandi en mest um vert var gaman að sjá framfarirnar hjá þeim. **Sigga Hrönn, Natalija og Vigdís hópstjórar.** Sjá fylgiskjal 4, innra mat Risaeðluhóps).



KRÍUHÓPUR

UNNIÐ 2022-2023

Það urðu nokkrar breytingar í Kríuhóp sumarið og haustið 2022. Einhver börn fóru í aðra leikskóla og nokkur færðust upp um hóp. Það komu önnur börn í þeirra stað og voru því 10 börn í hópnum þetta skólaár. Haustið fór að mestu í aðlögun og að hjálpa börnunum að læra á leikskólalífið. Við lögðum áherslu á að hjálpa hvort öðru, að skiptast á og að vera góð hvort við annað. Börnin voru fljót að tileinka sér það og studdu hvort annað, gáfu knús og hugguðu jafnvel þegar á þurfti að halda. Það kom auðvitað upp ágreiningur eins og gerist hjá börnum á þessum aldri en þau sýndu hvort öðru oftar væntumþykju.



Börnin fengu að kljást við ýmiskonar skapandi efnivið. Við nýttum okkur púsl, pinna, perlu og fleira í þeim dúr til að æfa til dæmis fínhyringar, samhæfingu handa og sjónar, rýmisgreind og fleira. Börnin sóttu mikið í að teikna myndir og allskonar skapandi viðfangsefni og í sérstöku upphaldi hjá þeim var að fá að mála. Viðfangsefni fylgdu svoltið árstíma og dagatali leikskólans. Við undirbjuggum jólin vel, börnin gerðu jólagjafir fyrir foreldra sína og jólskraut. Við fönndruðum fyrir Herra- og Dömdag og gerðum listaverk í tilheyrandi litum fyrir litadaga. Við fögnuðum líka og tókum þátt í öðrum hátíðum leikskólans, eins og Sumarhátíðinni með tilheyrandi litahlaupi sem öll höfðu gaman af.



Dags- og vikuskipulag var í föstum skorðum. Við byrjum hvern dag úti nema í verstu veðrum og eru börnin orðnir miklir útigarpar. Tvisvar í mánuði vorum við í hreyfistundum hjá Asako sem gengu mjög vel. Börnin fengu góða æfingu í hreyfingu og liðleika auk þess sem Asako fléttar allskonar þrautum sem reyna á mismunandi þroska og færni við æfingarnar. Tónlistartímar voru aðra hvora viku en auk þess sungum við nánast á hverjum degi enda eru Kríur miklir söngfuglar.

Veturinn gekk í heildina mjög vel. Auk þeirra viðfangsefna sem hafa verið talin hér upp fékk frjálsi leikurinn mikið rými í starfi hópsins. Í gegnum hann æfðu börnin hæfni sína í nánast öllum þeim þroskaþáttum sem hægt er að nefna. Það er mikil leikgleði í börnunum í Kríuhóp og börnin skemmtu sér vel saman, áttu góð samskipti og lærðu að vera saman í leikskólanum. **Egill, Karítas og Desi hópstjórar.** (Sjá fylgiskjal 5, innra mat Kríuhóps)



DRAUGAHÓPUR

UNNIÐ 2022-2023

Það byrjuðu 10 börn í aðlögun í haust og eitt barn byrjaði í janúar og voru því 11 börn í hópnum í vetur. Hópurinn fékk nafnið Draugahópur. Haustið fór í aðlögun framan af og við æfðum okkur í því að vera saman sem hópur og að deila dóti. Aðlögunin gekk vel og voru litlir Draugar fljótir að komast upp á lagið með að vera í leikskóla, voru tilbúin að byrja og sáum við það hversu viljug þau voru að prófa það sem var í boði.

Þetta fyrsta ár fékk frjáls leikur barnanna að njóta sín þar sem þau léku sér á sínum forsendum og undu sér vel í leik. Í gegnum leikinn sýndu börnin hvort öðru áhuga og náðu að mynda tengsl hvort við annað. Við nýttum mikið könnunarleikspökana okkar og þau léku og könnuðu skapandi efnivið og við sátum hjá og fylgdumst með. Uppáhaldspökinn var sá sem innihélt lykla, perlubönd og alls konar dollur. Skynfærin voru nýtt til hins ýtrasta þar sem þau fengu að skoða, snerta og hlusta.



Við vorum fyrst um sinn duglegri að fara í hreyfisalinn en í tómsundarsalinn. Börnunum þótti mjög skrítið fyrst í stað, að fara í hreyfisalinn til að hlaupa um og leika á sama stað og þau fóru í hvíld. Við létum svo slag standa í lok september og fórum í tómsundarsalinn og það gekk eins og í sögu. Að leika með ljós og skugga vakti mikla lukku lítilla Drauga, en við settum upp skjávarpa og vörpuðum myndbandi af fiskum á vegginn. Börnin föndruðu alls kyns hluti við hin ýmsu tilefni og það hefur verið gaman að fylgjast með þeim prófa sig áfram með liti, málningu og pensla eða svampa.



Stundirnar hjá Asako voru ávallt skemmtilegar og þá skipti ekki máli hvort það var í hreyfistund í salnum eða tónlistarstund í heimastofu. Börnin voru fljót að pikka upp lögina sem við sungum saman og vorum dugleg að syngja alla daga fyrir hádegismatinn. Draugum hefur þótt útiveran vera ómissandi og vorum við dugleg að vera úti. Dansað inn í daginn vakti mikla lukku og tókum við alltaf þátt þar sem og annars staðar. Okkur í Draugahóp finnst sl. skólaár hafa gengið vel og bíðum við spennt eftir að sjá hvað næsta skólaár gefur okkur og börnunum, þar sem eitthverjar breytingar munu eiga sér stað. **Erla Jóna, Unnur, Sigrún og Iwona hópstjórar.** (Sjá fylgiskjal 6, innra mat Draugahóps).



SKAPANDI TÓNLIST OG HREYFING

Skapandi hreyfing er barninu eðlislæg, stuðlar að vellíðan og veitir gleði og ánægju. Hreyfing er dansform sem sameinar hreyfingu og listræna tjáningu og í gegnum hana læra börnin að stjórna líkama sínum og auka um leið meðvitund sína um rými. Börn læra að hlusta og virða fyrirmæli annarra þegar þau hreyfa sig saman í sameiginlegu rými með öðrum. Tónlist og hreyfistundir eru samþættar þemaverkefni barnanna. Í sambland við tónlist er hreyfing dýrmæt leið, þar sem börn þroskast líkamlega, vitsmunalega og tilfinningalega. Að hreyfa sig og dansa við tónlist, radda, syngja, spila á hljóðfæri og gera tilraunir eflir skynfæri barna. Tónlistin er í eðli sínu samskiptaform þar sem hennar er notið í samskiptum við aðra, oft til skemmtunar og sameiginlegrar gleði. Hún miðlar tilfinningum og styrkir félagsstengsl á milli fólks, óháð aldri. Sérgreinastjóri sér um tónlist og hreyfistundir barnanna.



Börnin á Rauðubrekku voru í tónlist einu sinni í viku og í hreyfistund aðra hvora viku. Börnin á Gulubrekku voru aðra hvora viku í tónlist og hina vikuna í hreyfistund en Risaeðluhópur fór í tónlist einu sinni í viku eftir áramót. Haldið var áfram að vinna þróunarverkefnið Veður. Þar var lögð áhersla á að skapa umhverfi til að börnin gætu upplifað náttúruna á mismunandi hátt. Útísvæðið, náttúran og ýmis efniviður var nýttur í vinnu með börnunum á skapandi hátt í tengslum við tónlist, hreyfingu og myndlist. Ég tók upp myndskreið fyrir þróunarverkefnið sem er mjög gott vinnu- og námstæki sem skráning til að skilja börnin betur og til að þróa verkefnið áfram.

Í **Fiðrildahóp** var lög áhersla að túlka upplifun þeirra með orðum, hljóðum, teikningu og hreyfingu. Börnunum fannst mjög gaman að tjá sig á ýmsan hátt. Í tónlist kynnti ég mismunandi hljóðfæri fyrir þeim og þau unnu verkefni. Börnin lærðu Ta-nótur (fjórðapartsnótur) og Tí tí-nótur (áttundapartsnótur) og spiluðu saman á mismunandi hljóðfæri og líka einsömul. Þau lærðu nótnaheiti og solfa kerfið (do re mi fa so la ti do), sungu, sömdu lög og spiluðu á tréspil og hljómborð. Börnin nýttu iPad til að búa til rytma og tónverk. Þau sköpuðu leikrit um Fiðrildi sem var útskriftarverkefni þeirra.



Apahópur vann með vindinn og líkamann og unnu margvísleg verkefni því tengt. Börnin hlustuðu á mismunandi vindhljóð, upplifðu og bjuggu til vind og túlkuðu vindinn með teikningu, hljóðum og hreyfingum. Í vor unnu börnin verkefni um líkamann. Þau teiknuðu líkamann eftir laginu Furðuverk og tengdu saman tilfinningu og veður, völdu hljóð og hvaða hljóðfæri myndi passa við túlkunina. Við fórum í margs konar hreyfileiki með áherslu á að hreyfa ákveðna líkamshluta. Á foreldradegi sungu börnin lög um líkamann, dönsuðu og gerðu kopp klapp með foreldrunum. Að lokum teiknuðu þau líkamshluta saman, foreldrarnir og börnin.



Í **Víkingahóp** var lögð áhersla á að slá atkvæði í orð og tengja við hljóðfæri og spila. Börnin lærðu að fara eftir fyrirmælum þegar verið var að spila, dansa eða fara í hreyfileiki. Þau túlkuðu og teiknuðu hljóð og spiluðu það á hljóðfæri. Við unnum verkefni um vatnsdropa og sungum lögin Við erum dropar og Drippedi-dripp, droppedi-dropp. Börnin bjuggu til haf með málningardropum. Í vor komu kennaranemar frá HÍ og unnu með börnunum skemmtilegt verkefni, hljóðleikhús um Risann sem stjórnaði veðrinu. Börnin túlkaðu söguna með hljóðum og hljóðfærum. Þau héldu áfram að þróa hljóðleikhúsið og sýndu svo foreldrum sínum á foreldradegi.



Í **Risaeðluhóp** var lögð áhersla að hlusta á og greina ýmis hljóð. Hlusta á tónlist, spila á hljóðfæri og að hreyfa sig og stoppa eftir fyrirmælum. Börnin spiluðu á hljóðfæri innan hópsins. Eftir áramót var unnið þemun líkami og veður. Í þemau um veðrið völdu börnin sér hljóðfæri og túlkuðu veður með því að spila á þau. Í þemau um líkamann voru sungu lög um hann og farið í ýmis leiki til að læra um líkamshluta. Á foreldradegi, kynnti hópstjóri verkefnið sem börnin höfðu unnið í vetur og sýndi myndband þar sem börnin voru að syngja. Svo sýndu börnin hvernig hringrás blóma er og síðan bjuggu foreldrarnir og börnin til listaverk í tómstundsal.



Hjá yngstu börnunum í **Kríuhóp** og **Draugahóp** var lögð áhersla á að vera í tónlistarstund. Að hlusta á fyrirmæli, taka þátt, skiptast á hljóðfærum, syngja saman, spila saman á hljóðfæri og dansa með tónlist. Ég kynnti fyrir börnunum ýmis hljóðfæri sem þau fengu að prófa. Í hreyfistund var dansað saman, farið í hreyfileiki og þrautabrautir. Á foreldradegi, tóku foreldrarnir þátt í tónlist og hreyfistund. Foreldrarnir sungu með, dönsuðu og fóru í leiki með börnunum.



MAT 2022-2023 OG ÁHERSLUR 2023-2024

Tónlist og skapandi hreyfistundir verða í útiveru og inniveru á næsta skólaári. Ég tók ákvörðun um að vinna að nýrri aðferð. Í stað þess að kenna á blokkflautu ætla ég að kenna börnunum að spila á hljóðfæri á skapandi hátt og þróa áfram. Ég stefni á að leggja meiri áherslu á samsöng á deildinni og fara í vettvangsferðir með hópunum og syngja fyrir eldri borgara. Markmiðið næsta vetur er einnig að nýta uppeldisfræðingar skráningar til að þróa og vinna þau verkefni sem börnin hafa áhuga á. Áhersla verður lögð á að börnin taki meiri þátt í þróun eigin verkefna og að nýta könnunaraðferðina og myndræna samræðu. Skapa þarf meiri tíma til að hlusta á börnin og hvetja þau til að segja skoðanir sínar. Ég og hópstjórar munu leitast við að hafa fundi að morgni þar sem þeir geta borið saman bækur sínar, taka samtalið og ígrunda þemastarfið. Ég ætla að efla tónlist og hreyfistundir í samvinnu við sérkennslustjóra og sérkennara með tilliti til málörvunar. Í tengslum við verkefnavinnu í tónlist, hreyfingu og myndlist verður haft að leiðarljósi útisvæðið, náttúran, sjálfbærni, veður þemað og skapandi efniviður í samvinnu við börnin og hópstjóra. Ég fór á námskeiðið Verkferakistan í sumar og mun tileinka mér að nýta þau verkfæri til að vinna með börnunum og halda áfram að vinna á skapandi og fjölbreyttan hátt. *Asako Ichihashi sérgreinarstjóri*

DAGSKIPULAG

Við byrjum daginn í útiveru með börnunum. Á Rauðubrekku er alltaf einn hópur úti fram að hádegi, en tekið er tillit til veðurs. Um miðbik morguns fá börnin ávexti og grænmetisbita. Fram að hádegisverði er fjölbreytilegt faglegt starf eins og tónlist, hreyfing, þemastarf, samverustund og frjáls leikur. Á Gulubrekku hefst hádegisverður **kl. 11:00/11:15**, að honum loknum fara börnin í hvíld. Á Rauðubrekku hefst hádegisverður **kl. 12:00**, að honum loknum er slökun, innivera og útivera. Eftir síðdegishressingu sem hefst **kl. 14:15** á Gulubrekku og **kl. 14:30** á Rauðubrekku er frjáls leikur. Síðdegis fara öll börnin í útiveru, þar foreldrarnir taka við þeim.

MAT 2022-2023 OG ÁHERSLUR 2023-2024

Starfsfólkið og börnin eru hæst ánægð að byrja daginn og enda hann í útiveru, þar mun ekki verða breyting á. Hvíldin fyrstu daga í aðlögun gekk betur þegar foreldrar voru ekki með börnunum, þar sem starfsfólkið hefur reynslu af hvoru tveggja. Starfsfólkið á Rauðubrekku ákvað að prófa að vera ekki með flæði í síðdegishressingu, það gaf betri raun þar sem meiri ró skapaðist. Börnin sátu með starfsfólkinu við borðin í heimastofum en einn hópurinn var niðri í Tólmstundarsal, þar sem það er ekki nægilegt rými í heimastofum fyrir alla hópana. Það er alltaf verið að leita lausna til að börnunum og starfsfólkinu líði sem best. Við hlökkum til að takast á við nýtt skólaár og munum leggja okkur fram við að halda dagskipulaginu svo lengi sem ekkert óvænt komi upp á. Við ætlum að gera betur í sambandi við umbótaáætlunina en hún var okkur ekki nægilegt leiðarljós sl. skólaár. Það er óþarfi að velta sér upp úr því hvað olli, heldur vera lausnamiðuð og leita leiða.

MENNINGARVIÐBURÐIR

UNNIÐ OG MAT 2022-2023

Það er aldrei lognmolla í leikskólanum, alltaf nóg af skemmtilegum verkefnum og þar gerast ævintýrin. Á föstudögum var fagnaðarfundur í hreyfisal, þar sungum við saman, dönsuðum, vorum með uppákomur og hóparnir komu fram. Við dönsuðum inn í daginn í útiveru alla morgna.

Um haustið höfðum við bókabíó á degi læsis, lestrarátak þar sem foreldrum var boðið að koma til liðs við okkur og bókaormurinn stækkaði í kjölfarið. Náttúran er okkur alltaf hugleikin og á degi íslenskrar náttúru fórum við í útiveru og skoðum hana í allri sinni fallegu mynd. Börnin komu með bangsann sinn að heiman á alþjóðlega bangsadeginum. Nemendur í Álfhólsskóla komu á degi gegn einelti í leikskólann og gengu með börnunum á Rauðubrekku svokallaða vináttugöngu í íþróttahúsið. Þar sungu börnin fyrir fullum sal af nemendum og starfsfólki. Á degi íslenskrar tungu lásu nemendur úr Álfhólsskóla fyrir börnin í samverustund. Desember er einn af yndislegustu mánuðum ársins. Við reynum alltaf að hafa rólegheit þó við viðhöldum því hefðbundna sem var skapandi starf, smákökubakstur, aðventuferð, jólaball og jólamatur. Þegar leikskólinn átti afmæli var bökuð kaka í tilefni dagsins.

Eftir áramót var ljóslaus dagur. Þann dag komu börnin með vasaljós að heiman og í náttfötum ef vilji var fyrir því. Það er alltaf gaman hjá okkur á bóndadaginn, en þá buðu börnin pabba sínum og afa í þorramat í hádeginu. Börnin gerðu verkin sín sýnleg á ýmsan máta á degi leikskólans. Hóparnir unnu hver á sinn hátt á degi stærðfræðinnar. Þegar bolludagurinn rann upp gæddu allir sér á fiskibollum og rjómobollum. Boðið var upp á saltkjöt og baunir á sprengidegi. Einn af skemmtilegri dögum skólaársins er án efa öskudagur, þá fórum við í búninga og furðuföt, dönsuðum og slógum snakkið úr tunnunni. Í tilefni konudagsins þá vorum við með dömudag. Börnin buðu mömmu sinni og ömmu í smárétti í hádeginu.

Þegar líða fer að páskum stendur foreldrafélagið fyrir eggjaleit í garðinum. Þetta er skemmtileg hefð en foreldrarnir í foreldrafélaginu földu plastegg í garðinum, börnin fengu að leita að þeim og þegar þau fundu plastegg var því skilað og þau fengu lítið páskaegg í staðinn. Börnunum fannst mjög gaman að plokka rusl í tengslum við plokkdaginn. Þau fóru með poka um nærumhverfi sitt og plokkuðu það rusl sem varð á vegi þeirra. Hugmyndin næsta skólaár er að óska eftir að börnin á Rauðubrekku útbúi þrjú Ruslaskrýmsli sem éta munu ruslið. Á foreldradögum í maí buðu börnin foreldrum sínum í leikskólann í tónlist og hreyfistund. Það var misjafnt hvað hver barnahópur bauð upp á. Sem dæmi þá sungu þau, dönsuðu og gerðu skemmtileg verkefni með foreldrum sínum.

Elstu börnin bíða alltaf óþreyjufull eftir að fara í dagsferð í útskriftarferð í Vatnaskóg, svo var einnig í ár. Ferðin heppnaðist mjög vel þar sem börnin voru ánægð, þreytt og alsæl með ferðalagið. Farið var í lautarferð með börnin á Rauðubrekku en elstu börnin buðu börnunum upp á ýmislegt góðgæti sem þau komu með að heiman. Útskriftin þeirra var haldin í Álfhólsskóla. Börnin tóku vel á móti foreldrum sínum og ömmu og afa. Þau sýndu leikrit um Fiðrildi sem þau sköpuðu sjálf, fengu afhenta birkihríslu og viðurkenningarskjál. Í lokin gæddu sér allir á gómsætri köku.

Því miður var ekki farið í sveitaferð í Miðdal í Kjós. Við látum okkur bara hlakka til ferðarinnar næsta vor, en það sem gerir sveitaferðina svo skemmtilega er að foreldrar koma með okkur og eiga dásamlega stund í sveitinni með börnum sínum. Stöðvavinna sem hefur verið í útiveru í júnímánuði fór eiginlega fyrir ofan garð og neðan. Við munum líklega endurskoða hvernig við getum hagað stöðvavinnunni næsta sumar. Það er með ólíkindum hvað veðrið leikur alltaf við okkur þegar við höldum sumarhátíðina, á því varð engin breyting í ár. Fiðrildahópur söng lög úr leikritinu og aðrir hópar sungu líka. Það er alltaf mikil spennan fyrir litahlaupið. Foreldrarnir og börn hlupu hringinn í kringum leikskólann og starfsfólkið gerði sér lítið fyrir og skvetti litadufti á alla sem hlupu í gegnum litahlið sem voru á nokkrum stöðum. Mikil gleði og hlátur fylgir alltaf hlaupinu. Eftir að allir voru búnir að hlaupa af sér hornin, en sumir hlupu marga hringi, grillaði starfsfólkið pylsur sem borðaðar voru með góðri lyst.

Ýmsir fleiri skemmtilegir dagar eru haldnir t.d. leikfangadagar, hjóladagar, búningadagar og litadagar. Þegar börnin eiga afmæli gera þau kórónu, það er sungið og þau velja sér disk og glas úr afmæliskassanum. Foreldrar eru alltaf velkomnir í leikskólann en fá boð að jafnaði einu sinni í mánuði (sjá dagatal).

ÁHERSLUR 2023-2024

Lögð verður meiri áhersla á að viðhalda menningarviðburðum okkar, gera dagana eftirminnilega fyrir börnin og okkur. Hafa spennandi daga og rólega daga inn á milli. Við munum leitast við að láta börnunum líða vel, að láta þau finna fyrir öryggi sem er vísir á að þau finni að það eru þau sem skipta öllu máli í daglegu amstri dagsins.

KYNNING

Á heimasíðu okkar má finna ýmsar upplýsingar um viðburði, breytingar, matseðil og um starfið. Tveir starfsmenn sjá um heimasíðuna og bera ábyrgð á uppfæra hana. Starfsfólk og foreldrar nota lokaða Facebooksíðu til samskipta. Síðan er m.a. nýtt til að auglýsa eftir týndum og gleymdum fatnaði barna. Kynningarfundur er haldinn ár hvert fyrir nýja foreldra í byrjun júní. Á heimasíðu Kópavogsbæjar má sjá kynningarmyndband um leikskólann.

UNNIÐ 2022-2023

Vala var notuð til samskipta og margir foreldrar nýttu hana til að koma skilaboðum til starfsfólks. Hópstjórar eru með læsta síðu á Facebook þar sem foreldrar geta skoðað myndir af barninu sínu í leik og starfi.

ÁHERSLUR 2023-2024

Heimasíðan verður uppfærð, t.d. upplýsingar um starfsfólk. Það verður frábær kynning fyrir okkur þegar þróunarverkefnið Veður verður tilbúið og vefsíðan verður komin í loftið.

FORELDRASAMSTARF

STEFNA OG ÁHERSLUR

Að rækta dagleg samskipti og hafa gott upplýsingastreymi eru grundvallarþættir til að stuðla að jákvæðum og traustum samskiptum milli foreldra og starfsfólks. Stuðlað er að þátttöku foreldra í starfinu og borin virðing fyrir þeim ákvörðunum sem þeir taka. Foreldrar er hvattir til að láta vita hvað hægt er að gera betur. Hópstjórar bjóða foreldrum í samtal tvisvar á ári að hausti og vori, sem er nýjung hjá okkur.

FORELDRARÁÐ

Samkvæmt lögum er foreldraráð starfandi við leikskóla og markmið þess er að styðja við starfið. Foreldraráðið skrifar umsögn um starfsáætlun og kemur að skólanámskrá, þróunarverkefnum og öðrum áætlunum er varða starfsemina. Leikskólastjóri sér um að koma umsögn til deildarstjóra leikskóladeildar og leikskólanefndar. Foreldraráð hefur rétt til að hafa áhrif á allar stórvægilegar breytingar.

FORELDRAFÉLAG

Stjórn foreldrafélagsins tekur þátt í undirbúning og framkvæmd viðburða. Markmið félagsins er að efla samvinnu foreldra og starfsfólks, tryggja hagsmuni barna og hvetja foreldra til að taka þátt í viðburðum og starfsemi skólans. Foreldrasjóður er nýttur til að greiða ýmsan kostnað sem til fellur, greitt er í hann tvisvar á ári. Aðild að félaginu er frjálts samkvæmt lögum. Stjórninni ber að funda reglulega ásamt starfsmanni sem er tengiliður skólans.

FRÆÐSLA OG UPPLÝSINGAR

Fræðsla og upplýsingamiðlun til foreldra fer að miklu leyti fram í daglegum samskiptum. Aðrar upplýsingar fara fram með símtali, í tölvupósti, í gegnum Völu, á heimasíðu og á læstri Facebooksíðu. Leikskólastjóri sendir fréttapistla í tölvupósti og sumir hópstjórar senda mánaðardagatal.

ÞÁTTTAKA FORELDRA Í STARFINU

Foreldrar eru ávalt velkomnir í leikskólann. (Sjá menningarviðburðir og leikskóladag 2023-2024).

UNNIÐ 2022-2023

Þátttaka foreldra í starfinu var töluverð sl. skólaár. Hópstjórar boðuðu foreldra í samtal, þeir tóku þátt í foreldradögum, skemmtu sér á sumarhátíðinni, komu í páskaeggjaleitina og í útskrift elstu barnanna. Þeir gáfu starfsfólkinu ostakörfu í desember og styrktu elstu börnin í Vatnaskóg. Það mætti eitt foreldri utan stjórnar á aðalfund foreldrafélagsins í september.

ÁHERSLUR 2023-2024

Við munum bjóða foreldrum á viðburði sem auglýstir eru á dagatali leikskólans. Foreldrafélagið ásamt leikskólastjóra eru að vinna í því að útbúa klifurvegg í hreyfisal fyrir börnin með hliðsjón af öllum öryggisreglum. Mjög spennandi verkefni. Við ætlum að prófa að hafa aðalfund foreldrafélagsins að morgni kl. 8:30-9:30 og bjóða upp á kaffi og meðlæti. Það hefur ekki gefist vel að hafa fundinn kl. 16:30 síðdegis.

STARFSFÓLKID

STARFSMANNASTEFNA

Starfsmannstefna byggist á góðri samvinnu, gagnkvæmri virðingu, lýðræðislegum starfsháttum og að viðhalda góðum starfsanda, sem er grundvöllur fyrir vellíðan í starfi og starfsárangri. Starfsfólk leikskólans er ábyrgt fyrir framangreindu og ber að samræma starfsaðferðir sínar. Verkaskipting og vinnufyrirkomulag þarf að vera skýrt og sveigjanleiki er lykilhugtak í starfinu. Starfsfólki ber sjálft að leysa ágreining sem upp kann að koma innan hópsins eða leita eftir aðstoð. Hópefling starfsfólks gegnir mikilvægu hlutverki innan leikskólans, því uppákomur og skemmtanir eru til að auka ánægju og vellíðan starfsfólks. Okkur til hliðsjónar er starfsmannstefna Kópavogsbæjar.

SAMSTARF

Við leggjum áherslu á að vinna sem ein heild. Samræður á fundum og skipulagsdögum er hluti af starfsmannastefnu, til að auka faglegan, persónulegan þroska og hæfni starfsfólks. Starfsfólki gefst kostur á að sækja námskeið, ráðstefnur eða þá viðburði sem varða starfið og það óskar eftir. Móttökuáætlun er til staðar fyrir nýtt starfsfólk og fær það afhent gögn til lestrar. Starfsmannasamtöl eru einu sinni á ári, oftast ef þörf þykir.

ÁHERSLUR 2022-2023

Við leggjum upp með að viðhalda góðri samvinnu og vinna í lausnum. Við ætlum að hlúa að starfsmannahópnum, hrósa og veita endurgjöf. Ýta undir að starfsfólk sækji námskeið og aðra fræðslu sem eflir það í starfi. Heilsa starfsfólks verður í fyrirrúmi með því að minnka álag eins og kostur er. Það gerum við með því að vinna í því að leita lausna við að létta okkur starfið, bæta aðbúnað, leysa strax ágreining sem upp getur komið og umfram allt að sýna hvort öðru virðingu og umburðarlyndi.

SÍMENNTUNARÁÆTLUN

Starfsfólk er hvatt til að fara á námskeið, ráðstefnur eða málþing. Alltaf er reynt á einn eða annan hátt að koma því við að starfsfólkið geti sótt sér fræðslu og fróðleik. Fræðsla fléttist einnig inn í skipulagsdaga, á einn eða annan hátt.

UNNIÐ 2022-2023

Starfsfólk var frætt um ýmsar áætlanir og stefnur er varða leikskólann á starfsmannafundum og skipulagsdögum. Starfsfólk fór á ýmis námskeið sem í boði voru bæði innanlands og utan.

ÁHERSLUR 2023-2024

Að fylgja eftir að kennarar sækji Efi-2 og Hljóm2 námskeið. Að skemmtinefndin útibúi dagatal fyrir og eftir áramót með þeim viðburðum sem hún teflir fram eins og, bíóferðum, keiluferðum, teitum og fleiru.

SAMSETNING STARFSFÓLKS

Stöðugildi starfsfólks fer eftir aldri og dvalartíma barna. Stöðugildi stjórnenda, sérkennslustjóra, matráða og vegna sérkennslu er alltaf sú sama. Önnur stöðugildi eru vegna veikinda, undirbúningstíma og annars stuðnings.

STÖÐUGILDI 2022-2023

Heildar stöðugildin voru 22.19, fyrir utan sumarafleysingu. Stöðugildi vegna 1. og 2. flokks í sérkennslu var 2,62 og 0,82 vegna 3. og 4. flokks. Í heildina voru 10 kennarar; leikskólastjóri, sérkennslustjóri, 4 deildarstjórar og sérgreinstjóri. Leikskólaliðar voru 3, sérkennari með BA í sálfræði, 8 leiðbeinendur og 2 starfsmenn í eldhúsi. Það var 1 kennaranemi á 5. ári í meistaranámi í leikskólakennarafræðum. Sérkennslustjóri og matreiðslumeistari voru í fæðingarorlofi og aðstoðarleikskólastjóri í námsleyfi.

ÁHERSLUR 2023-2024

Við munum að reyna að halda okkur innan þeirra stöðugilda marka sem okkur er uppálagt, þó það sé alltaf erfitt. Til að mynda þá breytist æði oft yfir árið prósentan í sérkennslu, hún hækkar yfirleitt.

SKIPULAGSDAGAR OG FUNDIR

2022-2023

Skipulagsdagur 9. september haldinn í Skálholti. Byrjað var á hópefli. Góðar umræður voru undir önnur mál. Fyrirlestur um menntun til sjálfbærni og álfabörn. Farið var í verkefnavinnu með könnunaraðferðinni. Starfsfólkið útbjó hugtakakort um sjálfbærni til menntunar. Þau unnu í hópum og fengu þrjú hugtök til að vinna með; flokkun, vatn og veður. Þegar þeirri vinnu var lokið, kynnti hver hópur sitt verk með máli, myndum, söng, dansi eða leikþætti. Áður en dagur var að kveldi kominn voru hópafundir.

Skipulagsdagur 17. nóvember. Byrjað var á hópefli. Önnur mál voru rædd og starfsfólk tjáði sig ef það vildi. Dagurinn fór svo allur í tiltekt. Tekið var og sett í útiveru flest allt plastdót, þar sem við erum að reyna að hafa sem minnst af því. Náttúrleg leikföng, kubbar og skapandi efniviður eru okkur hugleikin. Þó komust við ekki hjá því að nota plast eins og í ljós og skugga herbergi. Unnið var mjög vel þennan dag.

Skipulagsdagur 2. janúar. Byrjað var á hópefli. Farið var yfir niðurstöður starfsmannakönnunar og rætt um hvað var vel gert og hvað mætti betur fara. Starfsáætlun ársins var yfirfarin með tilliti til þess sem var gert fyrir áramót og hvers var að vænta eftir áramót. Nýliðafræðsla kynnt og verkefnið Okkar leikskóli. Sjálfbærni til menntunar rædd, ígrunduð og myndir skoðaðir frá ferð leikskólastjóra til Leuven í Belgíu.

Skipulagsdagur 15. mars. Byrjað var á hópefli. Hjúkrunarfræðingar á vegum Vinnuverndar voru með námskeið í skyndihjálp. Farið var yfir slys, bráð veikindi, verklega grunnendurlífgun, hjartahnoð og notkun sjálfvirkra hjartastuðtækja. Skoðaðar voru verklagsreglur til verndar börnum, skrefin 7. Stefna leiksólans um mál og lestur var yfirfarin og nýtt málörvunarbox kynnt. Kynnt fyrir starfsfólki á vef Kópavogsbæjar; íbúar, velferð, börn og fjölskyldur. Starfsfólki var skipt upp í hópa þar sem það átti að vinna út frá 7 þáttum hvernig við getum létt okkur starfið í leikskólanum. Í lok dags kom Edda Björgvinsdóttir með fyrirlestur um hómor og hamingju á vinnustað.

Skipulagsdagur 17. og 19. maí haldnir í Berlín. Starfsmaður frá KVAN var með námskeið um það sem einkennir góðan starfsanda og leiðir til að stuðla að eflandi vinnustaðamenningu. Um samvinnu, samkennd og stuðning. Einnig um virka hlustun, tengsl og gildisvinnu. Mikið var um verklega vinnu sem var bæði gefandi, fróðlegt og skemmtilegt. Fiona starfsmaður frá Green Hat Company var með fyrirlestur um hlutverk jákvæðra tengsla (e. the role of positive relationships) og ígrundun í starfi, þar sem er vilji, þar er leið (e. reflective practice, where there's a will there's a way). Farið var í fræðluferð á vísindasafnið The Lighthouse of Digital sem var mikil upplifun. Starfsfólkið var sammála um námsferðin var í alla staði mjög vel heppnuð og við komum full af fróðleik til baka.

2023-2024

Skipulagsdagur 15. september haldinn í Skálholti.

Skipulagsdagur 15. nóvember óráðinn.

Skipulagsdagur 2. janúar óráðinn.

Skipulagsdagur 15. mars óráðinn.

Skipulagsdagur 10. maí óráðinn.

FUNDIR

Á hverjum föstudegi er næsta vika skráð á upplýsingatöflu (á kaffistofu) og örfundur er alla morgna til að fara yfir daginn. Hópstjórar finna tíma að morgni til að funda með sínu fólki og samráð leikskóla- og aðstoðarleikskólastjóra er á föstudögum. Sérkennslustjórafundir eru eftir þörfum og deildarfundir eru einu sinni í mánuði. Starfsmannfundur er tvisvar á skólaárinu og fagfundir eru áætlaðir einu sinni í mánuði. Aðrir fundir eru handleiðslufundir, trúnaðarmannafundir, nemafundir, foreldrafundir og aðrir fundir sem til falla.

BÖRNIN

FJÖLDI, AÐLÖGUN, FLUTNINGUR MILLI DEILDA OG ÚTSKRIFT

Í leikskólanum eru 68 börn. Um miðjan ágúst hefst aðlögun og stendur fram í byrjun september. Í annarri viku í ágúst flytur elsti barnahópurinn af Gulubrekku yfir á Rauðubrekku með hópstjórum sínum. Elstu börnin útskrifast í endaðan maí með viðeigandi athöfn. Leikskólinn er lokaður á skipulagsdögum, vegna vetrarfrís í október, milli jóla og nýárs, vegna vetrarfrís í febrúar og í dymbilvikum.

UNNIÐ 2022-2023

Foreldrar tóku þátt í aðlögun barna sinna. Flutningur Víkingahóps yfir á Rauðubrekku gekk mjög vel og útskrift Fiðrildahóps líka. Því miður gat ekki allt starfsfólk hópsins verið með vegna verkfalls.

MAT OG ÁHERSLUR 2023-2024

Þar sem við byrjum daginn í útiveru, hefur gefist vel að taka á móti nýjum börnum úti, svo verður áfram. Engin breyting verður á flutningi barna á milli deilda þar sem hún gekk vel. Við höfum verið mjög ánægð að vera í sal Álfhólsskóla með útskrift elstu barnanna. Í fyrsta skiptið var ömmum og öfum boðið í útskriftina, sem okkur fannst mjög gleðilegt, þar sem nægt rými er í salnum í Álfhólsskóla. Við munum halda því áfram.

SÉRKENNSLA

Öll börn eiga rétt á kennslu við hæfi samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90 frá 2008. Í leikskólanum er prósentustaða sérkennslustjóra 50%. Sérkennslustjóri hefur umsjón með sérkennslu og ber ábyrgð á skipulagningu, framkvæmd og endurmati. Börn með fatlanir eða frávík í þroska eiga rétt á viðeigandi sérkennslu samkvæmt reglum sveitafélagsins og sækir sérkennslustjóri um viðbótafjármagn ár hvert fyrir þau börn sem þurfa á því að halda, byggt á fyrirbyggjandi greiningum og mati. Úthlutað er fjármagni til að sinna börnum í 3. og 4. flokki, s.s. tvítyngdum börnum og einnig er hægt að sækja um fjármagn fyrir 5. flokk, þegar mikill fjöldi barna er af erlendum uppruna. Sérkennslan fer fram í daglegu starfi og einstaklingsstundum eða minni hópum eftir hvað hentar hverju og einu barni. Haft er að leiðarljósi að börn geti notið dvalarinnar og þroskast sem best á eigin forsendum. Lögð er áhersla á að mæta hverju barni, þar sem það er statt á hverjum tímapunkti og færni barna efla út frá áhugasviði í gegnum verkefnavinnu og leik. Starfsfólk ásamt sérkennara og sérkennslustjóra koma að sérkennslu barnsins.

Sérkennslustjóri veitir starfsfólki og foreldrum ráðgjöf og er tengiliður við ýmsar stofnanir. Samskipti eru regluleg við talmeinafræðinga, sjúkra- og iðjuþjálfna ásamt Ráðgjafar- og greiningarstöð, Heyrnar og talmeinafræðingastöð og aðra aðila sem tengjast máli einstakra barna. Hægt er að sækja um aðstoð skólaþjónustu í formi ráðgjafar, athugunar eða þjálfunar frá sérkennsluráðgjöfum, sálfræðingum, talmeinafræðingum eða iðjuþjálfum bæjarins. Hljóm2 er lagt fyrir elstu börnin að hausti og aftur að vori fyrir þau börn sem þess þurfa. Skilafundir eru haldnir á vorin í þeim grunnskóla sem börn sem hafa notið sérkennslu fara í. Einnig eru haldnir fundir með kennurum allra barna, ekki einungs þeirra sem hafa fengið sérkennslu.

UNNIÐ 2022-2023

Við lögðum áherslu á að vera inn á deildum og vinna ýmis verkefni, efla málörvun, ásamt því að fara í einstaklingsstundir. Unnið var að þróunarverkefninu Snemmtæk íhlutun ásamt þverfaglegri samvinnu við sérfræðinga, foreldra og aðra þá sem koma að barninu. Samstarf við sérfræðinga gekk vel og fóru samskipti fram í síma, með tölvupósti, á fjarfundum eða fundum í persónu. Á sérkennslustjórafundum var fræðsla og umræða og handleiðsluhópurinn skiptist á að hittast í leikskólunum þar sem var rætt um það sem lá mest á hjarta hverju sinni. Sótt var um fjármagn fyrir 5. flokk þar sem mörg börn af erlendum uppruna voru í leikskólanum.

Mat og áherslur 2023-2024

Rík áhersla verður lögð á málörvun í gegnum allt starfið. Markmiðið er að öll börnin nái hámarks árangri hvað varðar lestur, sá grunnur sem lagður er í leikskóla skiptir þar sköpum. Unnið verður áfram í handbókinni um snemmtæka íhlutun í máli og læsi og stefnt að því að gefa hana út á skólaárinu. Stefnt er að ljúka við að flokka spilasafnið og gera það aðgengilegra fyrir starfsfólkið. Leitast verður við að starfsfólkið vinni með snemmtæka íhlutun í samráði við sérkennslustjóra og sérkennara. Einnig að starfsfólkið spili ýmis konar spil við börnin til að örva þau og kenna þeim reglur og áherslur í spilum. Fjórir kennarar fara á námskeið um Efi-2, þar sem við ætlum að fara að vinna með það á skólaárinu. Stefnt er á að þeir kennarar sem eiga eftir að fara á námskeið um Hljóm-2, fari á það.

SAMSTARF

GRUNNSKÓLINN

Meginmarkmið samstarfs og tengsla milli skólastiga er að skapa samfellu í lífi barna og finna leiðir til að koma til móts við ólíkar þarfir þeirra. Samstarfið er alltaf í þróun en stjórnendur beggja skólastiga bera ábyrgð á skipulagningu samstarfsins. Leikskólinn er í mestu samstarfi við Álfhólsskóla og leikskólana Álfaheiði og Efstahjalla. Í upphafi skólaársins hittast stjórnendur skólanna, deildarstjóri yngsta stigs og starfsmaður frístundar og gera starfsáætlun. Sérkennslustjóri fundar með fulltrúum grunnskólans vegna barna með sérþarfir.

ANNAÐ SAMSTARF

Leikskólinn er í samstarfi við leikskólafulltrúa, leikskólaráðgjafa, sérkennslufulltrúa, sérkennsluráðgjafa, sálfræðinga, talmeinafræðinga, iðjubjálfa, sjúkraþjálfara og stofnanir eins og velferðasvið, greiningar- og ráðgjafarstöð, slökkvilið, skólastofnanir um land allt og menningarhúsin.

Unnið 2022-2023

Fundur var haldinn í byrjun skólaársins og starfsáætlun fyrir elstu börnin útbúin. Elstu börnunum var boðið í heimsókn í Álfhólsskóla og við buðum nemendum grunnskólans til okkar. Samkvæmt starfsáætlun voru elstu börnin í þrjá daga í grunnskólanum að morgni.

Áherslur 2023-2024

Stefnt er að því að halda starfsáætlun skólaársins gangandi, með því eflum við enn frekar samstarf skólastiganna. Áætlað er að fara í heimsókn í Álfaheiði og Efstahjalla til að styrkja tengslin á milli leikskólanna enn frekar.

MAT

Markmið með mati er að tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá leikskóla. Mat á námi og velferð barna er mikilvægur þáttur í leikskólastarfi, því er starfið í stöðugri þróun og endurmati. Lögð er áhersla á að byggja matið á þátttöku og samvinnu starfsfólks, foreldra og barna. Mat veitir okkur vitneskju um hverju þarf að breyta eða hvað þarf að bæta til að ná þeim markmiðum sem sett hafa verið. Skipuleggja skal aðgerðir til að koma á umbótum og setja í umbótaáætlun. Meta skal; markmið og stefnu leikskólans, viðhorf barna, stjórnun og vellíðan starfsfólks og viðhorf foreldra. Matsteymi gefur upplýsingar um hvað skal meta ár hvert af framangreindu. Niðurstöður kannanna, sjálfsmat starfsfólks, matsblöð námssviða, starfsmannasamtala er sett í umbótaáætlun og á heimasíðu leikskólans.

Unnið 2022-2023

Hljóm2 var lagt fyrir elstu börnin. Hljóm2 er aldursbundin skimun sem lögð er fyrir börn til að meta hljóðkerfis- og málmeðvitund barna í elsta árgangi leikskólans í því skyni að greina þau börn sem eru í áhættu fyrir síðari lestrarerfiðleika. Hópstjórar fylltu út matsblöð leikskóladeildar um heilsu og vellíðan (sjá fylgiskjöl). Foreldrakönnun var gerð á vegum leikskóladeildar og Skólapúlsins. Leikskólastjóri á eftir að taka starfsmannasamtöl.

Áherslur 2023-2024

Kennarar meta starf barnanna og fara yfir og skrá í undirbúningstíma. Vonandi verður hægt að byrja á að endurmeta og stílfæra Skólanámskrá leikskólans. Unnið verður með námsþáttinn sjálfbærni og vísindi í barnahópunum. Hópstjórar muna gera uppeldisfræðilegar skráningar, ígrunda á hópafundi og sýna á fagnaðarfundi. Á deildarfundi ræðir starfsfólk saman og endurmetur starfið, m.t.t. hvað gengur vel og hvað má betur fara? Með hliðsjón af matsgögnum sem unnin voru, eru skilgreindir umbótaþættir sem unnið verður með næsta skólaár, (sjá fylgiskjal, umbótaáætlun.

ÖRYGGISMÁL

ÖRYGGISNEFND

Öryggisnefnd hefur eftirlit með aðbúnaði barna og starfsfólks og er í samstarfi við vinnu- og heilbrigðiseftirlitið. Í öryggisnefnd sitja öryggisfulltrúi og öryggistrúnaðarmaður. Nefndin hittist tvisvar á ári og fer yfir öryggisatriði vegna vinnuumhverfis er varða húsnæði og garð. Leikskólastjóri eða aðstoðarleikskólastjóri gegnir starfi öryggisvarðar sem fulltrúi rekstraraðila eða annar sem er tilnefndur. Öryggistrúnaðarmaður er kosinn af samstarfsfólki á tveggja ára fresti. Starfsfólk leikskólans kemur ábendingum til öryggisnefndar ef úrbóta er þörf.

ÁFALLARÁÐ

Í áfallaráði eru leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og sérkennslustjóri. Hlutverk ráðsins er að koma að málum sem hafa áhrif á andlega líðan barna og starfsfólks. Við áföll hittist ráðið eins oft og þurfa þykir. Áfallaráð hefur til hliðsjónar áfallaáætlun og jafnréttisáætlun.

INNRA EFTIRLIT

Gert er áhættumat og aðgerðaráætlun varðandi öryggi á innra starfi einu sinni á ári. Vinnuumhverfisvísar frá Vinnueftirlitinu eru hafðir til hliðsjónar. Útisvæði er yfirfarið á hverjum morgni og starfsfólki ber skylda að skrá í öryggismöppu öll frávik á lóð. Mánaðarlegt eldvarnareftirlit sér hópstjóri um ásamt elstu börnunum. Leikskólastjóri skráir eftirlitið í þar til gert skjal í tölvu. Tvisvar á ári eru brunabjöllur settar í gang og annað hvert ár er brunaæfing. Slökkvilið höfuðborgarsvæðis, vinnueftirlitið, heilbrigðiseftirlitið og eftirlitsmaður lóða gera úttekt árlega. Farið er yfir öryggislýsingar og slökkvitæki árlega. Leikskólastjóri og yfirmaður fasteigna fá niðurstöður úttekta og bregðast við, ef þarf.

SLYS

Ef slys eða óhapp kemur upp er strax haft samband við foreldra. Gerð er slysaskráning ef um minni háttar slys eða óhapp er að ræða, önnur slys eru skráð í forritið Atvik í samstarfi við VÍS. Í skáp á deildum eru upplýsingar um börnin og símanúmer forráðamanna/foreldra.

Unnið 2022-2023

Elstu börnin sáu um eldvarnareftirlit ásamt hópstjóra sínum.

Áherslur 2023-2024

Áætlað er að hafa brunaæfingu í september/október með starfsfólki og börnum. Það þarf að virkja betur elstu börnin að sjá um eldvarnareftirlitið, sem verður sett í hendur hópstjóra að sjá um.

STARFSFÓLKID SEM FÓR Í NÁMSFERÐ TIL BERLÍNAR



FYLGISKJAL 1

Leikskólar Kópavogs

Nafn leikskóla og deildar Fagrabrekka - Rauðabrekka		Námsskrá 5 ára barna Leikskólar Kópavogs Gátlisti vegna mats á námsskrá fyrir 5 ára börn				Kvittun ábyrgðaraðila og dagsetning Anna Friðriksdóttir og Edda Valsdóttir - September 2023
Námssvið leikskóla	Heilbrigði og vellíðan	Já	Nei	Einkunn frá 1-10	Námsögn/efniviður	Hvernig gerum við, hvaða leið ætlum við að fara?
					Hvaða gögn/efniviður eru til staðar til að uppfylla viðmið	Hvað á að gera betur, umbætur
Markmið að börnin	Eigi kost á alhlíða hreyfingu sem fullnægir hreyfipörf, eftir hreyfingu og samhæfingu hreyfinga.	x		9	Byrjum daginn á útiveru þar sem við m. a. Dönsum inn í daginn. Farnar eru vettvangsferðir þar sem skoðað er nærumhverfi leikskólans. Einnig notum við hreyfisál leikskólans fyrir grófhreyfingu barnanna.	Gott er að hafa í huga hvað við getum gert með börnunum og hafa þau með í ræðum.
	Reyni á sig og slaki á.	x		8	Í útiveru eru börnin mikið á hreyfingu og í hreyfisál. Í samverustundum eftir hádegisverð var slökun.	Lesið er fyrir börnin og þau sitja saman á mottu á gólfinu eða halla sér fram á borðin á meðan á sögustund stendur.
	Þrúi með sér jákvæða líkamsvitund.	x		9	Þegar börnin fóru að huga að litarháttum þá var unnið með að við erum mismunandi í útliti.	Umræður sköpuðust á milli starfsfólks og barna um hvernig við erum ólík í útliti en við erum eins að innan.
	Verði sem mest sjálfbjarga við daglegar athafnir.	x		9	Börnin eru dugleg að klæða sig sjálf í og úr fótunum. Í hádeginu eru börnin þjónar og sækja mat í eldhúsið. Þau eru dugleg að hjálpa hvort öðru ef þörf er á.	Með jákvæðni og hvatningu gerum við börnin sjálfbjarga. Þegar börnin reyna sjálf og þeim tekst ætlunarverkið er það sigur fyrir þau.
	Tengi heilbrigða lífnaðarhætti við holla fæðu og nægan svefn.	x		9	Í leikskólanum er boðið upp á hollan mat og eru börnin hvött til að smakka. Við ræðum um svefn við börnin og nauðsyn þess að fara snemma að sofa á kvöldin.	Í vinnu með börnunum er gott að spjalla um hollustu, hvort þau eru meðvituð um hvað er hollt.
Leiðir í leikskóla Börnin:						
Leikur	Hafa aðgang að mismunandi hreyfisvæðum úti og inni.	x		9	Í Hreyfisál eru hreyfistundir, á leikskólalóðinni og á svæði fyrir utan hana, með sérgreinastjóra.	Við höldum áfram að hafa fjölbreytt hreyfisvæði, bæði úti og inni.
	Velja sér viðfangsefni sem stuðlar að andlegri og líkamlegri vellíðan.	x		9	Börnin hafa aðgang að allskonar efnivið í leik og starfi.	Vera meðvitaður um hvað börnin eru að velja sér til að hjálpa þeim að velja fjölbreytt viðfangsefni.
Hópvinna	Fara í hringleiki og dansa.	x		10	Í hreyfistundum eru börnin dugleg að taka þátt í öllu sem boðið er upp á. Einnig erum við með daglega "DANSAD INN Í DAGINN".	Starfsfólk þarf að vera virkt með börnunum í hreyfistundum og einnig í dansað inn í daginn.
	Vinna með finhreyfingar.	x		9	Börnin vinna verkefni til að efla finhreyfingu, púsla, perla, klippa, fönndra, lita og kubba.	Börnin hafa tök á að sækja sér slíkan efnivið þegar þau vilja.
Að koma og fara Klæða sig. Útvera Vettvangsferðir	Reyna á sig í leik.	x		9	Í útiveru og í hreyfisál eru börnin í leikjum sem reyna á þol, styrk og jafnvægi.	Að starfsfólk sé meðvitað um hvert barn og aðstoða það við að komast inn í leik með börnunum ef það getur ekki sjálf.
	Nota fjölbreytt leiktæki og fá tækifæri til að nota mismunandi leiksvæði, manngerð sem ómanngerð.	x		9	Útsvæðið býður upp á ýmis leiksvæði. Við förum í vettvangsferðir skoðum margs konar svæði.	Fara í skemmtilegar vettvangsferðir, gangandi eða í strætó.
	Klæða sig sjálf úr og í.	x		10	Börnin eru dugleg að klæða sig sjálf og ganga frá fótunum sínum.	Gefa börnunum nægjan tíma til að klæða sig sjálf úr og í.
	Fara út í flestum veðrum.	x		10	Við erum úti í öllum veðrum en ekki mjög lengi ef veður er mjög slæmt.	Útvera í alls kyns veðri hressir og kærir.
Samverustund	Fara í leiki sem reyna bæði á fin- og grófhreyfingar.	x		8	Förum í leiki sem reyndu á fln og grófhreyfingar, dansa og lita á stórt blað á gólfinu.	Við getum alltaf bætt okkur þar inn á deild.
	Láta fara vel um sig og velja sér stellingu.	x		8	Börnin sátu saman á mottu á gólfinu í samverustundum, eftir áramótin var hópnum skipt upp í tvo hópa.	Ef börnin eru mjög mörg í hópnum, er vænlegast að skipta hópnum í tvennt.
Matartími	Nota hnifapör, smyrja og hella í glas.	x		8	Börnin borða með hnifapörum, skammta sér, smyrja, hella í glasið.	
	Ræða t.d. um matategundir og hollustu matar.	x		9	Í matartímum er rætt um hollustu og mikilvægi fjölbreyttrar fæðu.	
Hvild	Taka þátt í slökun – nuddi.	x		8	Með bangsanum Blæ sitja börnin í hring og nudda hvert annað.	Blæstundir mættu vera fastur liður.
	Upplifa vellíðan með vinum sínum.	x		8		Þegar mörg börn eru í hóp og rými lítið þá ætti að skipta hópnum, verður minna um árekstra.
	Öll börn fái tækifæri á að slaka á og hvíla sig eftir þörfum.	x		8	Börnin sofa ekki, en hvílast þó.	
	Börn sem ekki sofa/hvíla sig fái tækifæri til að njóta næðis.	x		7	Þegar hóparnir eru stórir þá er erfðara að koma því fyrir að börnin hafi tækifæri til að njóta næðis.	Vera lausnamiðuð.
Líkamleg umhíra	Ræða gildi hreinlætis, líkamsumhírðu og sykingavarna.	x		7	Við ræðum um hreinlæti eins og handþvott eftir útiveru, salemisferðir og fyrir matmálistíma.	Mikilvægt er að ræða um og skýra út fyrir börnunum hreinlæti á jákvæðan hátt þannig að það sé ekki kvöð t.d. að þvo hendurnar.

Gátlisti vegna mats á námsskrá fyrir 5 ára börn

Skólaárið 2022-2023

FYLGISKJAL 2

Námsskrá - Apahópur						
Gátlisti vegna mats á námsskrá fyrir 5 ára börn - Mat unnið af Sönu hópstjóra í ágúst 2023						
Námssvið leikskóla	Heilbrigði og velliðan	Já	Nei	Einkunn frá 1-10	Gagnaöflun	Hvernig gerum við, hvaða leið ætlum við að fara?
					Hvaða gögn/efnið eru til staðar til að uppfylla viðmið	Hvað á að gera betur, umbætur
Markmið að börnin	Eigi kost á ahlíða hreyfingu sem fullnægir hreyfipör, eflir hreyfingu og samhæfingu hreyfinga.	X		9	Við byrjum daginn í útveru og erum úti eftir slökun. Við förum einu sinni í viku í vettvangsferðir. Einnig notum við hreyfisál fyrir hreyfipör.	Mikilvægt er að ígrunda, finna nýjar leiðir sem hentar hópnum og allir hafa gagn og gaman. Gera mat eftir ákveðin tímabil.
	Reyni á sig og slaki á.	X		9	Börnin reyna á sig úti. Þau eru í slökun 15-20 mín. daglega eftir hádegismat.	Við hlustum á sögur, lörum í slökun og hugleiðslu með Storytel og Spotify.
	Drói með sér jákvæða líkamsvitund.		X	9	Allt ofangreint hjálpar að barnið þróa með sér jákvæða líkamsvitund. Auk þess höfum við tekið fyrir vottangsefni um líkamann. Við höfum sótt fræðsluefni og gert verkefni í tengslum við líkamann.	Við ætlum að halda áfram að finna leiðir sem geta bætt jákvæða líkamsvitund barnanna.
	Verði sem mest sjálfbjarga við daglegar athafnir.		X	9	Við hvetjum börnin til að klæða sig úr og í fötin, með því ýtum við undir sjálfstæði þeirra. Hvegjum þau til að sækja sér hluti og jafnvel vara í hlutverk þjóps, að sækja mat í eldhúsið og eða annað sem þarf.	Meðvitni og inngríp skiptir mestu máli. Að nota hvert tækifæri til að hvetja börnin að gera sjálf því þau geta miklu meira en við höldum.
	Tengi heilbrigða lífnaðarhætti við holla fæðu og nægan svefn.	X		9	Börnin fá hollt fæði, slökun og hreyfingu. Þessir þættir eru undirstaða þroska og velliðunar.	Mikilvægt er að ræða við börnin um þessa þætti til að viðhalda heilsu og velliðan. Leiðir að markmiði; að sækja fræðsluefni og leggja til skemmtilega leiki.
Leiðir í leikskóla	Börnin:					
Leikur	Hafa aðgang að mismunandi hreyfisvæðum úti og inni.	X		9	Börnin hafa aðgang að mismunandi hreyfisvæðum bæði úti og inni. Hreyfisál, hreyfistundir hjá sérgreinaðgjafa bæði úti og inni leikskólalóð og fjölbreyttar vettvangsferðir.	Við höldum áfram að hafa fjölbreytt hreyfisvæði, bæði úti og inni.
	Velja sér viðfangsefni sem stuðlar að andlegri og líkamlegri velliðan.	X		9	Börnin í hópnum eru virk, meðtækleig og áhugasöm um mismunandi viðfangsefni. Þau hafa aðgang að aðferðum sem vekur áhuga þeirra.	Mikilvægt er að fylgjast vel með því sem börnin velja sér að leika með og jafnvel læra um ákveðið viðfangsefni í gegnum leik.
Hópvinnna	Fara í hringleiki og dansa.	X		9	Börnin voru dugleg að taka þátt í dansleikjum í tónlist og hreyfistund, einnig daglega þegar "DANSAD ER INN Í DAGINN".	Erum dugleg að dansa á morgnana og seinni partinn dagsins með Grétu.
	Vinna með fínreyfingar.	X		9	Börnin vinna verkefni a.m.k. tvisvar í viku þar sem það reynir á fínreyfingu, púsla, perla, klippa, fónbra, líta og kubbba.	Við höfum fest fínreyfingarskráir í viku en að sjálfsgöngu geta börnin sótt sér efnivið þegar þau vilja.
	Fara í leiki þar sem þau nota líkamann.		X	9	Í hlutverkaleik nota börnin líkamann til að tjá sig, auk orða sem þau nota í samskiptum. Allir leikir í útveru reyna á líkamann. Ýmsir kubbaleikir kalla á mikla hreyfingu þegar börnin byggja eða skapa.	Við hvetjum börnin til að fara í fjölbreytta leiki með því að bjóða þeim ólík efnivið.
Að koma og fara Klæða sig. Útvera Vettvangsferðir	Reyna á sig í leik.	X		9	Börnin eru dugleg að prófa ýmislegt í vettvangsferðum, t.d.	
	Nota fjölbreytt leikfæri og fá tækifæri til að nota mismunandi leiksvæði, manngerð sem ómanngerð.	X		10	Við höfum farið alls konar vettvangsferðir, að skoða náttúruna, á ólík leiksvæði, á söfn og sýningar.	Við erum duglegar að finna hentugar leiðir og börnin eru glöð og ánægð í vettvangsferðum.
	Klæða sig sjálf úr og í.	X		10	Öll börn klæða sig sjálf úr og í fötin.	Eru vel þjálfuð í þeim færni.
	Fara út í flestum veðrum.	X		10	Við förum út í öllum og ólíkum veðuráttum, þannig fáum við reynslu af mismunandi veðri í vettvangsferðum.	
Samveru- stund	Fara í leiki sem reyna bæði á fín- og gröfthreyfingar.	X		9	Í hreyfistund hjá Ásaku. Við höfum verið í leikjum þar sem reynir bæði á fín og gröfthreyfingar, að dansa og líta á stórt blað á gölfinu.	Við getum alltaf bætt okkur þar inn á deild.
	Láta fara vel um sig og velja sér stellingu.		X	10	Við erum með púða í samverustundum og börnum er frjálst að sigja eða liggja á maganum.	Við viljum hafa notaðlegar samverustundir.
Matartími	Nota hnifapör, smyrja og hella í glas.		X	10	Börnin hella sjálf í glös, nota hnifapör og smyrja.	Við erum að æfa okkur að skammta sjálf á diskinn og passa upp á að setja ekki of mikið af mat á diskinn svo við þurfum ekki að henda matnum.
	Ræða um matartegundir og hollustu matar.		X	10	Við höfum oft rædd í matartímanum um matartegundir og það sem er hollt fyrir okkur að borða. Unnið var með þema Matar í gegnum málvörðunartundir með Sögu Söru.	
Hvild	Taka þátt í slökun og nuddi.	X		10	Við erum í slökun 15-20 mín. eftir.	Notast var við Blæ nuddhefti.
	Upplifa velliðan með vinum sínum.		X	10	Börn liggja í hring á púðum og eru með teppi. Hlusta á sögur, hugleiðslu eða tónlist. Þau eru búin að æfa sig í að slaka á líkamnum sínum, tæma hugann og hlusta.	Mætti gera betri slökunaraðstoðu.
	Öll börn fá tækifæri á að slaka á og hvíla sig eftir þörfum.		X	10	Já, það er komið til móts við öll börn eftir þörfum. Sumir sofa og þá er tekið tillit til þess.	T.d. aðgangur að göðum dýnum. Við þurfum góðar dýnur en getum ekki haft þá vegna plássleysis.
	Börn sem ekki sofa/hvíla sig fá tækifæri til að njóta næðis.		X	10	Öll börn fá næði og slökun eftir því hvað hver og einn þarf.	Allataf er reynt að koma til móts við öll börn.
Líkamleg umhirða	Ræða glídi hreinlæti, líkamsumhirðu og sykingavarna.	X		9	Við ræðum oft um hreinlæti, sérstaklega í aðstæðum sem eru á raunstöðu s.s. á salerni.	Mikilvægt er að tala upp umræðu við börnin um smitsjúkdóma þegar þeir eru í gangi eins og á tímum kórónuveirunnar.

FYLGIKJAL 3

Nafn leikskóla og deildar	Námsskrá 3 og 4 ára barna Leikskólar Kópavogs	Kvittum ábyrgðaraðila og dagsetning
Fagrabrekka Rauðabrekka	Gátlisti vegna innra mats - skólaárið 2022-2023	Anna Maria hópstjóri

Námssvið leikskóla:	Heilbrigði og vellíðan	Já	Nei	Einkunn frá 1-10	Námsgögn/efniviður	Hvað gerum við, hvaða leið ætlum við að fara
					Hvaða gögn/efniviður eru til staðar til að uppfylla viðmið	Hver er ábyrgðaraðili?

Markmið að börnin:	Upplifi öryggi í umhverfinu og treysti því að þórfum þeirra sé mætt.	x		10	Vel útbúið umhverfi	Allir starfsmen bera ábyrgð á öryggi barna
	Eigi kost á ahlíða hreyfingu, fái hreyfipörf sinni fullnægt og hafi tækifæri til að reyna á sig, slaka á og hvílast.	x		10	Leikskólalóð, vettvangsferðir, hreyfisalur og hvíldarými.	Útivera og hreyfing eru fastir liðir í dagskipulagi.
	Þróa með sér jákvæða og heilbrigða líkamsvitund.	x		9	Daglegt spjall, samverustundir, hreyfistundir, þemaverkefni.	Deildastjóri skipuleggur starfið en allt starfsfólk nýtur tækifæri til að ræða viðfangsefni.
	Verði sem mest sjálfbjarga í leik og starfi.	x		9	Efniviður aðgengilegur, nóg pláss.	Kennarar gefa börnunum tíma og rými fyrir frjálsan leik. Passa að efniviður og leikfni séu aðgengileg.

Leiðir í leikskóla:	Börnin:
----------------------------	----------------

Leikur	Hafa aðgang að skapandi og ógrandi umhverfi, úti og inni, þar sem tækifæri eru til að beita fin- og grófhreyfingum.	x		9	Fjölbreytt skipulag, hvetjandi umhverfi.	Kennarar breyta og endurskoða umhverfi (t.d. dúkkurókur var verslun en er núna risaeðlugarður). Kennarar skipuleggja vettvangsferðir og sjá um fjölbreytt útinám - það má bæta sig.
Hópvinna / Samvinna	Fara í leiki sem reyna bæði á fin- og grófhreyfinga	x		9	Aðbúnaður í hreyfisal, útivera, hópastarf.	Kennarar skipuleggja hópastarf, hreyfistundir og útiveru.
	Láta fara vel um sig og velja sér líkamsstillingu.	x		9	Börn velja sér stellingu í samverustundum.	Kennarar passa að allir hafi sitt rými.

Að koma og fara, klæða sig. Útivera - vettvangsferðir	Hafa tíma og tækifæri til að hjálpa sér sjálf.	x		9	Aðgengilegt fatahólf.	Kennarar hvetja börn og aðstoða, gefa nægan tíma en vantar rými.
	Fara í útiveru í öllum veðrum.	x		10	Útivera í daglegu skipulagi.	Förum í útiveru á hverjum degi, við hlustum á börnin, ef þeim er kalt og eru örygg í vondu veðri þá er farið inn. Einnig fá þau tækifæri til að fara í útiveru þegar þau vilja.
	Leika sér í mismunandi landslagi og við mismunandi aðstöðu.	x		9	Leikskólalóð, vettvangsferðir.	Kennarar skipuleggja vettvangsferðir - gönguferðir eða strætóferðir.

Matartími	Nota hnifapör, smyrja og hella í glas.	x		9	Aðbúnaður til staðar: litlar könnur í síðdegishressingu og hnifar svo börn geta smurt brauðið sjálf. Skammta sér í hádeginu.	Kennarar hvetja börn til sjálfbjarga við matarborðir og aðstoða við skammta sér sjálf, smurja brauð og ganga frá eftir matinn.
	Upplifa rólegt og notalegt andrúmsloft.	x		9	Rými	Það er borðar á þremur borðum til að hafa rými börn, skammta sér sjálf og mekja hvað mikið þau borðuðu.
	Ræða hvaðan maturinn kemur og um næringu og hollustu.	x		9	Tími	Kennarar nýti matartíma daglega til að spjalla um matinn og hollustu

Svefn og hvíld	Fá tækifæri til að njóta næðis.	x		10	Hvild	Börnin hafa dýnur, koddar og teppi og hlusta á sögu.
	Upplifa vellíða og slökun með vinum sínum.	x		10	Dýnur, koddar og teppi	Allir fara í hvíld á sama tíma
	Hafa tækifæri til að sofa/hvíla sig eins lengi og þau þarfnaast.	x		10	Hvild í sérrými - tómsundasal	Börn sem sofa mega sofa eins lengi og þau / foreldrar vilkja

Líkamleg umhirða	Hafa tíma og tækifæri til að vera sjálfbjarga á salerni og við andlits- og handþvott.	x		10	Salerni aðgengilegt	Kennarar aðstoða en gefa börnunum næði og tíma til að vera sjálfbjarga
-------------------------	---	---	--	----	---------------------	--

FYLGISKJAL 4

Nafn leikskóla og deildar Fagrabrekka Gulabrekka	Námskrá 3 og 4 ára barna Leikskólar Kópavogs Gátlisti vegna innra mats - skólaárið 2022-2023	Kvittum ábyrgðaraðila og dagsetning Sigríður Hrönn hópstjóri ágúst 2023
--	--	---

Námssvið leikskóla: Heilbrigði og velliðan Já Nei **Einkunn frá 1-10** **Námsgögn/efniviður** **Hvað gerum við, hvaða leið ætlum við að fara**

Hvaða gögn/efniviður eru til staðar til að uppfylla viðmið

Hver er ábyrgðaraðili?

Markmið að börnin:	Upplifi öryggi í umhverfinu og treysti því að þörfum þeirra sé mætt.	x		10	Umhverfið skoðaða reglulega og leiktæki og endurmetið	Edda; Sígga Hrönn, látið vita og lagfært
	Eigi kost á alhliða hreyfingu, fái hreyfipörf sinni fullnægt og hafi tækifæri til að reyna á sig, slaka á og hvílast.	x		10	Umhverfi og aðbúnaður	Dagskipulag bjóði upp á þetta. Sé fjölbreytt og hvetjandi. Sígga Hrönn
	Þrúi með sér jákvæða og heilbrigða líkamsvitund.	x		9	Kennarar séu meðvitaðir um barnið, samvera og umræða	Kennarar séu til staðar noti tækifæri sem upp koma; Allir
	Verði sem mest sjálfbjarga í leik og starfi.	x		8	Aðbúnaður, umhverfi, skipulag	Skapi tíma, næði og fái tækifæri og hvatningu; Allir

Leiðir í leikskóla: **Börnin:**

Leikur	Hafa aðgang að skapandi og ógrandi umhverfi, í útiveru og inni, þar sem tækifæri er til að beita fin- og grófhreyfingum.	x		9	Dagskipulag, aðbúnaður, umhverfi, skapand fjölbreytilegur efniviður	Tækifæri og tíma, fái hvatningu; Allir
Hópvinna / Samvinna	Fara í leiki sem reyna bæði á fin- og grófhreyfingar.	x		9	Dagskipulag, umhverfi, aðbúnaður	Ýmsir fjölbreyttir leikir eða margvíslegur skapandi efniviður. Tíma til að þróa og eflast; Allir, Sígga Hrönn
	Láta fara vel um sig og velja sér líkamstælin	x		9	Mottur, púðar, samverustund, stólar og borð við hæfi	Mætum hverju barni fyrir sig. Tökum tillit; Allir
Að koma og fara, klæða sig. Útivera - vettvangsferðir	Hafa tíma og tækifæri til að hjálpa sér sjálf.	x		9	Gott rými og fathólf aðgengileg og í þeirra hæð	Erum hvetjandi, aðstoðum og gefum góðan tíma; Allir
	Fara út í flestum veðrum.	x		10	Skipulag og umhverfi	Hvetjandi, vera jákvæð í sambandi við útiveru og veðrið. Jafnframt tillitsöm; Allir
	Leika sér í mismunandi landslagi og við mismunandi aðstæður.	x		9	Útivera, umhverfi, skipulag, vettvangsferðir	Hvetjum, aðstoðum og förum í ferðir; Sígga Hrönn
Matartími	Nota hnifapör, smyrja og hella í glas.	x		9	Borð, stólar, aðbúnaður	Hvetjum og aðstoðum; Allir
	Upplifa rólegt og notalegt andrúmsloft.	x		8	Umhverfi, aðbúnaður	Innródd, börn og kennarar. Veita þeim ást og umhyggju. Velja börn saman; Allir
	Ræða hvaðan maturinn kemur og um næringu og hollustu.	x		8	Vitneskja, fræðsla	Spjöllum og fræðum með tilliti til þroska; Sígga Hrönn; Allir
Svefn og hvíld	Fá tækifæri til að njóta næðis.	x		9	Skipulag, aðbúnaður, umhverfi	Fá tíma, rými og skilning; Allir
	Upplifa velliðan og slökun með vinum sínum.	x		10	Skipulag, aðbúnaður, umhverfi	Tíma og næði. Hvatningu, vera í rólegheitum.
	Hafa tækifæri til að sofa/hvíla sig eins lengi og þau þarfnast.	x		10	Skipulag, aðbúnaður, tími	Andrúmsloft rólegt, knús og umhyggja; Allir
Líkamleg umhirða	Hafa tíma og tækifæri til að vera sjálfbjarga á salerni og við andlits- og handþvott.	x		9	Skipulag, tími, aðbúnaður	Tækifæri, hvatning, góðan tíma; Allir

FYLGISKJAL 5

Nafn leikskóla og deildar	Námsskrá 1 og 2 ára barna Leikskólar Kópavogs					Kvittun ábyrgðaraðilla og dagsetning
Fagrabrekka Gulabrekka	Gátlisti vegna innra mats - skólaárið 2022-2023 - Kriuhópur					Mat gerði Egill hópstjóri ágúst 2023
Námssvið leikskóla:	Heilbrigði og velliðan	Já	Nei	Einkunn frá 1-10	Námsgögn/efniviður	Hvernig gerum við, hvaða leið ætlum við að fara
Hvaða gögn/efniviður eru til staðar til að uppfylla viðmið						
Markmið að börnin:	Finni fyrir öryggi í leikskólanum.	X		9	Starfsfólk er til staðar fyrir börnin og fylgist með þeim	
	Fái alhiða hreyfipörf sinni fullnægt og eflir með því hreyfiproska, hreyfgetu, samhæfingu og jákvæða líkamsvitund.	X		8	Frjálsi leikurinn er í fyrirrúmi með allri þeirri hreyfingu sem honum getur fylgt. Börnin sitja lítið við borð. Reglulegar hreyfistundir og dans	
	Reyni sig við daglegar athafnir.	X		8	Þau hafa fengið að taka þátt í öllu. Erum farin að hvetja þau til að klæða sig sjálf og þvo hendur.	
	Reyni á sig og slaki á.	X		9	Þau eru mjög virk og við erum með hvíld.	
	Upplifi að borin sé virðing fyrir líkamlegri virkni og þörfinni að hreyfa sig.	X		8	Eru lítið látin sitja kyrr. Fá að hreyfa sig og prófa sig áfram.	
	Upplifi öryggi í hinu efnislega umhverfi.	X		8		
	Upplifi gleði.	X		10	Við höfum lagt mikið upp úr því að vera glöð saman í vetur	
Leiðir í leikskóla	Börnin:					
Aðlögun	Upplifa að foreldri fylgi þeim í aðlögun.	X		9	Þátttökuaðlögun. Tökum mið af hverju barni og eigum samráð við foreldra	
	Upplifa að hlýlega er tekið á móti þeim og foreldrum þeirra.	X		9	Höfum lagt okkur fram við að taka vel á móti börnum og foreldrum	
	Upplifa jákvæð samskipti milli kennara og foreldra.	X		9	Foreldrar hafa haft góðan aðgang að starfsfólki og við þæðum mikið óformlega við þá í fataherberni.	
	Upplifa að þau og foreldrar þeirra eru velkomin.	X		9	Sama og að ofan	
Leikur	Hafa aðgang að fjölbreyttu og góðu leikrými, í útiveru og inni, sem eflir bæði fin- og grófhreyfingar.	X		8	Útisvæðið er mjög gott og fjölbreytt.	
	Fara í leiki sem reyna á líkamsbeitingu.	X		9	Frjálsi leikurinn fékk mikið rými og Hreyfisalur. Hreyfing með Asako er mjög góð fyrir framangreint	
	Nota fjölbreytt áhöld og leikefni sem staðsett er í þeirra hæð.	X		6		Leikföng á Gulubrekku eru öll í skápum eða uppi á hillum. Skil af hverju en þurfum að hugsa þetta.
Að koma og fara, klæða sig. Útvera - vettvangsferðir	Hafa tækifæri til að hreyfa sig í mismunandi landslagi.	X		9	Mjög fjölbreytt og gott landslag í garðinum	
	Eru klædd í fatnað sem tekur mið af veðri og heftir ekki hreyfingar.	X		9	Voru flest með góðan og hentugan fatnað	
Samvera	Fara í fjölbreytta leiki sem efla alhiða þroska.	X		7	Höfum gert hluti miðað við þroska barnanna í samveru.	
	Velja sér líkamsstillingu og láta fara vel um sig.	X		7	Erum ekki að gera þær kröfur að þau sitji flötum beinum	Notuðum stólana svölitið síðasta vetur í samverustund en ætlum að hætta því næsta vetur
	Finna að hreyfipörf þeirra og það að geta ekki setið lengi kyrr er virt.	X		8	Látum þau ekki sitja lengur en þau þola	
Matartími	Hafa tækifæri til að nota mataráhöld, smyrja, hella og matast sjálf.	X		6	Þau borða sjálf en höfum ekki haft tækifæri til þess að leyfa þeim að smyrja eða annað slíkt	Prófum næsta vetur
	Aðstoða við að leggja á og bera af borði.	X		5	Þau eru í ungbarnastólum og geta það því ekki	Verða í öðrum stólum. Prófum mögulega næsta vetur að leyfa þeim að aðstoða.
	Hafa tíma til að njóta matarins og upplifa matartímann sem góða stund.	X		9	Tökum þann tíma sem við þurfum, spjöllum saman og höfum jafnvel tónlist í gangi	
Svefn	Upplifa svefntímann sem jákvæðan þar sem þau fá að hvílast og endurnæra líkamann.	X		9	Reynum að hafa hvíldina jákvæða og rólega	
Líkamleg umhíroa	Hafa tækifæri til að hjálpa sér sjálf, eins og að þvo hendur og klæða sig í eftir bleiuskipti.	X		7	Leyfum þeim að þvo hendur og hvetjum þau til að klæða sig.	Höldum þessu áfram.

FYLGISKJAL 6

Nafn leikskóla og deildar	Námsskrá 1 og 2 ára barna Leikskólar Kópavogs				Kvittun ábyrgðaraðila og dagsetning	
Fagrabrekka Gulabrekka	Gátlisti vegna innra mats - skólaárið 2022-2023 - Draugahópur				6/7'23 Erla Jóna hópstjóri	
Námssvið leikskóla:	Heilbrigði og vellíðan	Já	Nei	Einkunn frá 1-10	Námsgögn/efniviður	Hvernig gerum við, hvaða leið ætlum við að fara
Hvaða gögn/efniviður eru til staðar til að uppfylla viðmið						
Markmið að börnin:	Finni fyrir öryggi í leikskólanum.	X		9	Erum til staðar fyrir börnin. Stijum ávallt á gólfinu með þeim, erum þar sem þau eru.	
	Fái alhliða hreyfipörf sinni fullnægt og eflir með því hreyfiproska, hreyfifetu, samhæfingu og jákvæða líkamsvitund.	X		9	Mikil hreyfing sem á sér stað í frjálsa leiknum. Erum mikið að leika á gólfinu.	
	Reyni sig við daglegar athafnir.	X		8	Leyfum þeim sem hafa sýnt áhuga á að klæða sig í/úr að gera það.	Gera meira af því að leyfa þeim að prófa sjálf.
	Reyni á sig og slaki á.	X		9	Fá að reyna á sig í tröppum/klifra. Erum með hvíld.	
	Upplifi að borin sé virðing fyrir líkamlegri virkni og þörfinni að hreyfa sig.	X		9	Þau eru ekki stoppuð af, ef hreyfipörfin er mikil.	Mætti leyfa þeim að prófa sig meira áfram en ekki gripa of snemma inn í.
	Upplifi öryggi í hinu efnislega umhverfi.	X		8		
Upplifi gleði.	X		10	Það er gaman í leikskólanum.		
Leiðir í leikskóla	Börnin:					
Aðlögun	Upplifa að foreldri fylgi þeim í aðlögun.	X		9	Foreldri með barni sínu í aðlögun.	
	Upplifa að hlylega sé tekið á móti þeim og foreldrum.	X		9	Tökum vel á móti börnum og foreldrum.	Gefa sig að foreldrum í aðlögun
	Upplifa jákvæð samskipti milli starfsfólks og foreldra.	X		9	Mikil samskipti við foreldra, bæði formleg og óformleg	
	Upplifa að þau og foreldrar séu velkomin.	X		9	Sama svar og á undan.	
Leikur	Hafa aðgang að fjölbreyttu og góðu leikrymi, í útiveru og inni, sem eflir bæði fin- og grófhreyfingar.	X		8	Vorum dugleg að nota svæðin, í útiveru og inni. Gott rými fyrir alla á útsvæðinu þar sem allir finna sér eitthvað að leika.	Efta fínhreyfingar meira
	Fara í leiki sem reyna á líkamsbeitingu.	X		9	Vorum virk í stundum með Asako. Mikið úti að leika.	
	Nota fjölbreytt áhöld og leikfni sem staðsett er í þeirra hæð.	X		8	Þau fengu að prófa að leika með allskonar dót á deildinni.	Gera meira af því að leyfa þeim að leika með smærri dót.
Að koma og fara, klæða sig. Útivera - vettvangsferðir	Hafa tækifæri til að hreyfa sig í mismunandi landslagi.	X		9	Gott rými í garðinum þar sem hægt er að prófa sig áfram. Klifra/tröppur/steinar	
	Eru klædd í fatnað sem tekur mið af veðri og heftir ekki hreyfingar.	X		9	Gerðum okkar besta að klæða börnin eftir hvað þeim hentaði. Sumir létu klæddari en aðrir þar sem það hentaði þeim.	
Samvera	Fara í fjölbreytta leiki sem efla alhliða þroska.	X		7	Syngjum hreyfiflog þar sem þau taka þátt	
	Velja sér líkamsstillingu og láta fara vel um sig.	X		7	Fyrir var samveru stutt og leikur tekur matartímann. Allir komnir í stólana sína. Höfum nú lengt tímann og prófað okkur áfram	Meira um samveru á gólfinu.
	Finna að hreyfipörf þeirra og það að geta ekki setið lengi kyrr er virt.	X		8	Stíja ekki lengur en þau þola.	
Matartími	Hafa tækifæri til að nota mataráhöld, smyrja, hella og matast sjálf.	X		8	Frá fyrsta degi hafa þau borðað sjálf með skeið.	
	Hjálpa til við að leggja á og bera af borði.	X		5	Stíja í barnastólum og því ekki reynt á þetta.	Skoðum hvort það gangi næsta vetur.
Svefn	Hafa tíma til að njóta matarins og upplifa matartímann sem góða stund.	X		9	Hver og einn fær þann tíma sem hann þarf. Notum tímann í umræðu, t.d. umn matinn.	
	Upplifa svefntímann sem jákvæðan þar sem þau fá að hvílast og endumæra líkamann.	X		9	Hvildin er hóf röleg og jákvæð eða eins og hægt er.	
Líkamleg umhirða	Hafa tækifæri til að hjálpa sér sjálf, eins og að þvo hendur og klæða sig í eftir bleiuskipti.	X		8	Þvoutu hendur eftir bleiuskipti/fyrir mat. Sumir farnir að prófa sig áfram að klæða sig í og úr.	Þvo hendur eftir útiveru. Hvetja börnin að prófa að klæða sig sjálf í/úr.

FYLGISKJAL 7

Umbótaáætlun 2023-2024

Viðfangsefni - Markmið	Vegna	Aðgerðir	Tímarammi	Ábyrgð	Endurmal	Viðmið um árangur
Barnafundur	Lýðræði	Í samverustund	Skólaárið	Hópstjórar	Hópafundur janúar	Skoðanir barna virtar og starfsfólk hlustar
Barnasáttmáli	Það eykur sýn á stöðu barna	Vinna með grein úr sáttmálanum	Skólaárið	Hópstjórar	Deildarfundur janúar	Víðsýni um rétt barna
Blær	Vináttuverkefni Barnaheilla	Í samverustund	Skólaárið	Hópstjórar	Deildarfundur nóvember	Að vinna gegn einelti
Einkunnarorð leikskólans	Orðin standa fyrir; Gleði, frumkvæði og virðingu	Setja í glugga sunnan megin	Áramót	Leikskólastjóri	Desember	Verði sýnileg öllum
Handbrúður, loðtöflusögur, sögugrunnur	Börnin læra að tjá sig, hlusta og segja frá	Hafa einn dag í viku	Skólaárið	Starfsfólkið	Maí	Aukið sjálfstraust barna
Hljóm2 - Efi-2	Stefnu sveitafélags	Kennarar fari á námskeið	Skólaárið	Sérkennslustjóri	Maí	Niðurstöður lagðar fyrir foreldra
Hópavinna	Þróunarverkefni um veður	Virka áhuga, vinna verkefni, sýna frumkvæði og hlusta	Áramót	Hópstórar	Janúar	Aukin þekking starfsfólks og barna
Hópefli	Starfsanda	Fara saman í bíó, borða, þrjóna og fleira	Skólaárið	Skemmtinefnd	Janúar	Aukin þátttaka starfsfólks
Jarðleir	Börnin skynja, upplifa og örvun eykst	Hafa leirinn aðgengilegan í helmstofu og tómslundarsal	Skólaárið	Hópstjórar	Maí	Leirvinna barna sýnileg (ef brenndur)
Jákvæðni	Menning og staðblær leikskólans	Hróa, deila ábyrgð, sýna virðingu, gott upplýsingaflæði	Skólaárið	Starfsfólkið	Deildarfundur nóvember	Aukin starfsánægja starfsfólks
Könnunarleikur	Börnin skoða, hlusta, snetra og smakka	Hópstjóri gerir skráningar á nálgun og rannsókn barna	Skólaárið	Hópstjórar	Hópafundur janúar	Aukin könnunar- og rannsóknar þörf barna
Ljósmyndir	Fyrir foreldra og aðra	Taka myndir af starfsfólki	Áramót	Egill - Erla Jóna	Nóvember	Myndir af starfsfólki gerðar sýnilegar
Námspáttur	Stefna sveitafélags	Verkefni tengd sköpun og menningu	Skólaárið	Hópstjórar	Hópafundur janúar	Gátlist útfylltur þar sem kemur fram það sem var gerf
Reggio Emilia	Hugmyndafræði leikskólans	Vinna þemastarf og skráningar	Skólaárið	Hópstjórar	Janúar	Starfið verður sýnilegra
Skólanámskrá	Komið að endurnýjun	Ræða saman á fagfundi	Skólaárið	Leikskólastjóri	Maí	Endurmetin
Snemmtæk íhlutun	Stefna sveitafélags	Ella læsinnám barna og þau ná hámarksárangri í læsi	Skólaárið	Sérkennsluteymi	Maí	Starfsfólk sé meðvitað um málþroska hvers barns
Starfsmannasamtöl	Stefna leikskólans	Hópasamtal	Áramót	Leikskólastjóri	Nóvember	Hvað var gerf vel, hvað má gera betur
Útivera	Starfsfólk hafi yfirsýn yfir börnin	Sameiginleg ábyrgð, láta vita ef starfsfólk fer inn	Skólaárið	Starfsfólkið	Maí	Hreyfanleiki starfsfólks eykst
Vettvangsterðir	Eykur víðsýni barna	Rauðabrekka einu sinni í viku	Skólaárið	Hópstjórar	Nóvember	Börnin upplifi og kynnist nær- og fjærhverfi leikskólans

FYLGISKJAL 8

Leikskóladagatal 2023-2024

Leikskólinn Fagrabrekka

ÁGÚST		SEPTEMBER		OKTÓBER		NÓVEMBER		DESEMBER		JANÚAR		FEBRÚAR		MARS		APRIL		MAÍ		JUNÍ		JULÍ	
1 Þ		1 F		1 S		1 M		1 F	Fúlvéisdagurinn	1 M	Nýársdagur	1 F		1 F		1 M	Annar í páskum	1 M	Verkleyfisdagurinn	1 L		1 M	
2 M	Sumarlokun	2 L		2 M		2 F		2 L		2 Þ	Skíptilgisdagur	2 F		2 L		2 Þ		2 F		2 S	Þjónnisdagurinn	2 Þ	
3 F	Sumarlokun	3 S		3 Þ		3 F		3 S		3 M		3 L		3 S		3 M		3 F		3 M	Áætluð sumarhátíð	3 M	
4 F	Sumarlokun	4 M	Áhúgún	4 M		4 L		4 M		4 F		4 S		4 M		4 F		4 L		4 Þ		4 F	
5 L		5 Þ		5 S		5 Þ		5 S		5 F	Dagur í fjósa	5 M		5 Þ		5 F		5 S		5 M		5 F	
6 S		6 M		6 F		6 M		6 M	Bekstur	6 L	Þvettindinn	6 Þ	Dagur leikskólans	6 M		6 L		6 M		6 F		6 L	
7 M		7 F		7 L		7 Þ		7 F	Bekstur	7 S		7 M		7 F		7 S		7 Þ	Vetrarskólar	7 F		7 S	
8 Þ	Sumarlokun	8 F	Dagur leisis	8 S		8 M	Dagur vináttu	8 F	Föréðskaffi eh Rauður dagur	8 M		8 F		8 M		8 M		8 M		8 L		8 M	
9 M	Sumarlokun	9 L		9 M		9 F		9 L		9 Þ		9 F		9 L		9 Þ		9 F	Úppsögnisdagur	9 S		9 Þ	
10 F	Opnar kl. 13:00	10 S		10 Þ		10 F	Leikfangsdagur	10 S		10 M		10 L		10 S		10 M		10 F	Skíptilgisdagur	10 M		10 M	Áætluð sumarlokun
11 F		11 M		11 M		11 L		11 M	Kirkjuféð	11 F		11 S		11 M		11 L		11 L		11 Þ		11 F	Sumarlokun
12 L		12 Þ		12 F		12 S		12 Þ		12 M		12 M	Bóltdagur	12 Þ	Skíptilgisdagur	12 F		12 S		12 M		12 F	Sumarlokun
13 S		13 M		13 F	Blekur dagur Föréðskaffi eh	13 M		13 M		13 L		13 L	Sprengrdagur	13 M		13 L		13 M	Föréðsvika	13 F		13 L	
14 M		14 F		14 Þ		14 F		14 F		14 S		14 M	Óskudagur	14 F	Dagur áframþráðarinnar	14 S		14 Þ		14 F		14 S	
15 Þ		15 F	Skíptilgisdagur	15 S		15 M	Skíptilgisdagur	15 F	Júlaþell Héðinnmatur	15 M		15 F		15 F		15 M		15 M		15 L		15 M	Sumarlokun
16 M		16 L		16 M		16 F	Dagur hléstarar þings	16 L		16 Þ		16 F		16 F	Dómardagur	16 L		16 F		16 S		16 Þ	Sumarlokun
17 F		17 S		17 Þ		17 F		17 S		17 M		17 L		17 S		17 M		17 F		17 M	Ljóbeldisdagurinn	17 M	Sumarlokun
18 F		18 M		18 M		18 L		18 M		18 F		18 S	Konungdagur	18 M		18 F		18 L		18 Þ		18 F	Sumarlokun
19 L		19 Þ	Áskulfundur foreldrafélags	19 F		19 S		19 Þ		19 F	Þöndisdagur Hörredagur	19 M	Vetrarfrí	19 Þ		19 F		19 S	Hításonndagur	19 M		19 F	Sumarlokun
20 S		20 M		20 F		20 M		20 L		20 M		20 Þ	Vetrarfrí	20 M		20 L		20 M	Annar í Hításonnu	20 F		20 L	
21 M	Áhúgún	21 F		21 L		21 Þ		21 F		21 S		21 M		21 F		21 S		21 Þ		21 F		21 S	
22 Þ		22 F		22 S		22 M		22 F	Admæli leikskólans þofakemess	22 M		22 F		22 F	Eggjalétt Gulur dagur	22 M		22 M		22 L		22 M	Sumarlokun
23 M		23 L		23 M		23 F		23 L		23 Þ		23 F		23 L		23 Þ		23 F		23 S	Áætluð svellfésóð	23 S	Sumarlokun
24 F		24 S		24 Þ		24 F		24 S	Áttungartugur jóla	24 M		24 L		24 S	Pálmasunnudagur	24 M		24 F		24 M		24 M	Sumarlokun
25 F		25 M		25 M	Banga og náttúra dagur	25 L		25 M	Jóladagur	25 F	Leikfangsdagur	25 S		25 M	Þáskahfrí	25 F	Sunnudagurinn lýsti	25 L		25 Þ		25 F	Sumarlokun
26 L		26 Þ		26 F	Vetrarfrí	26 S		26 Þ	Annar í jókun	26 F		26 M		26 Þ	Þáskahfrí	26 F		26 S		26 M		26 F	Sumarlokun
27 S		27 M		27 F	Vetrarfrí	27 M		27 M	Jólafrí	27 L		27 Þ		27 M	Þáskahfrí	27 L		27 M		27 F		27 L	
28 M	Áhúgún	28 F		28 L	Fyrst vetrardagur	28 Þ		28 F	Jólafrí	28 S		28 M		28 F	Skítdagur	28 S		28 Þ		28 M		28 F	Sumarlokun
29 Þ		29 F		29 S		29 M		29 F	Jólafrí	29 M		29 F		29 F	Föréðskaffi lengj	29 M		29 M		29 L		29 M	Sumarlokun
30 M		30 L		30 M		30 F		30 L		30 Þ		30 M		30 L	Þöktisdagurinn	30 F		30 F		30 S		30 S	Sumarlokun
31 F				31 Þ	Þöktisdagur	31 S		31 M	Ómáldagur	31 M				31 S	Þöktisdagur			31 F				31 M	Sumarlokun